FRÉTTABLAÐIÐ

139. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 15. JÚNÍ 2016

# Hetjur

**Strákarnir okkar stigu á stóra sviðið í fyrsta skipti og gerðu þjóðina stolta með jafntefli gegn Portúgal.**

→12, 13, 24, 26



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Séra Þórir Stephensen um skipulagsmál í borginni. 17

**MENNING** Þjóðlistahátíðin Vaka hefst á Akureyri í dag. 30

**LÍFIÐ** Jennifer Berg lék á móti Lewis Hamilton í París. 40

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Kanna dreifingu skógarmítilsins

**NÁTTÚRA** Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Náttúrufræðistofnun Íslands standa um þessar mundir að rannsóknum á útbreiðslu og algengi skógarmítils hér á landi.

Óskað er liðsinnis dýralækna, heilbrigðisstarfsfólks og almennings við að halda til haga mítlum sem finnast á fólki eða dýrum. Beðið er um helstu upplýsingar; nafn finnanda, dagsetningu, fundarstað, hýsil og hvar hýsill hefur haldið sig vikuna áður. Sýni á að senda beint til rannsóknastofnana.

Mítillinn var rannsakaður af erlendum sérfræðingum sem hingað komu í fyrra. Leit bar ekki árangur en samt sem áður bárust mun fleiri skógarmítlar til skoðunar á árinu en nokkurn tímann fyrr, alls 24 sýni víða að af landinu. Enn er því ósvarað spurningunni hvort skógarmítill sé orðinn landlægur hérlendis. **– shá**






## Veður




Fremur hægur vindur í dag og nokkuð bjart veður, en skýjað og smáskúrir á Austurlandi. Síðdegis má einnig búast við skúrum á víð og dreif í öðrum landshlutum. SJÁ SÍÐU 32



**Ákærði var leiddur fyrir héraðsdóm í gærmorgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ólík sýn á aðdraganda hnífsstungu

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli manns sem sakaður er um tilraun til manndráps eftir að hafa stungið vin sinn í bakið við stúdentagarða við Sæmundargötu í Reykjavík 6. mars hófst í gær. Gerandinn og fórnarlambið báru vitni.

Andrúmsloftið í dómsal var þungt og lýsti ákærði yfir miklu ósætti á milli þeirra. Hann kveðst hafa tekið hníf með sér til öryggis þegar hann yfirgaf heimili sitt eftir að hafa rekið vin sinn á dyr.

Fórnarlambið kannast ekki við fyrrgreint ósætti og segist ekki hafa átt í hótunum við ákærða né beitt hann ofbeldi, líkt og hann greindi frá.

Þá báru vinir mannanna vitni, nágrannar sem sáu samskipti mannanna um kvöldið og læknar á Landspítalanum.

**»» Ákæruvaldið og verjandi mannsins voru sammála um að málið væri einstaklega sorglegt en atburðurinn hefur haft mikil áhrif á líf beggja mannanna.**

Fórnarlambið var í dái í hálfan mánuð eftir árásina og tilviljun virðist hafa ráðið því að það tókst að bjarga lífi þess. Hann segir hnífstunguna hafa haft ótrúlega mikil áhrif á líf sitt, bæði andlega og líkamlega.

Ákæruvaldið gerir kröfu um að maðurinn verði dæmdur fyrir tilraun til manndráps og að refsing verði fimm ára fangelsi auk þess að greiða fjórar milljónir í miskabætur. **– þv, nej**

# Mótmæla nýrri vinnulöggjöf




**Verkamenn í verkfalli kljást við lögregluþjóna í París, höfuðborg Frakklands. Eiffelturninum var lokað og lestir gengu ekki í gær vegna verkfalla sem hafa sett svip sinn á Evrópumeistaramótið í knattspyrnu undanfarna daga. Hart er deilt á nýja vinnulöggjöf sem rædd er í þinginu.** NORDICPHOTOS/AFP

## Semja um aðlögun flóttafólks

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkis- og velferðarráðuneyti skrifuðu í gær undir samning við Háskóla Íslands um gerð heildstæðrar greiningar og mats á gæðum aðlögunar innflytjenda og flóttafólks að íslensku samfélagi.

Ríkisstjórnin veitti í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2015 10 milljónir króna til verkefnisins. Í skýrslunni var bent á fjölmörg atriði sem þarfnast endurskoðunar. Ráðherrar ráðuneytanna töldu nauðsynlegt að ráðast í sameiginlegt verkefni til að skoða þætti sem varða stjórnsýslu og þjónustu á þessu sviði og mögulegar úrbætur.

Alþjóðamálastofnun HÍ sér um verkefnastjórnun og leitað verður til fræðimanna frá mismunandi deildum skólans til að koma að rannsókninni svo hægt sé að greina sem flesta þætti sem snerta aðlögun flóttafólks. **– þv**


# Garðtraktorar
## í miklu úrvali



Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari
MTD
ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is


# Sakaður um glæpi í starfi sínu sem túlkur

**Túlkurinn Ómar Samir hefur verið sakaður um glæpi í starfi. Hann segir málið hafa skaðað mannorð sitt. Ómar hefur orðið af verkefnum fyrir borgina. Segir engar sannanir hafa verið lagðar fram. Grunar hverjir saka hann um glæpina.**

**SAMFÉLAG** „Þetta hefur skaðað mannorð mitt, fjölskyldu mína, efnahagslegt ástand mitt og mig andlega,“ segir Ómar Samir, kennari og túlkur, en hann hefur verið sakaður um alvarlega glæpi í starfi sínu sem túlkur. Ómar er frá Egyptalandi en hefur búið á Íslandi síðan árið 1980. Hann hefur starfað fyrir Reykjavíkurborg sem kennari í tugi ára og sinnt túlkaþjónustu fyrir ýmsa aðila hér á landi í 27 ár. „Ég er ranglega sakaður en fæ ekkert að vita af hverju eða hvaðan það kemur.“

Ómar hefur starfað sem verktaki hjá Alþjóðasetri sem túlkur í um fjögur ár. Í lok mars var hann boðaður á fund hjá setrinu. Þar var honum sagt frá því að borgin hafi sett sig í samband við Alþjóðasetur með alvarlegar ásakanir á hendur honum. Ásakanirnar voru þær að Ómar hefði ekki túlkað rétt, hótað skjólstæðingum Reykjavíkurborgar, sagt þeim hverju þeir ættu að svara og haga sér og að hann hefði þegið peninga beint frá þeim fyrir túlkaþjónustu sína.

Ómar segir borgina ekki hafa lagt fram neinar sannanir né útskýringar á ásökununum, hvorki til Alþjóðaseturs né til hans sjálfs. „Ég er ítrekað búinn að senda borginni fyrirspurnir en fæ engin svör. Ég hef alltaf verið heiðarlegur og þetta er óréttlátt. Ég trúi ekki öðru en að Reykjavíkurborg sé að brjóta reglur og að það stangist á við mannréttindi að ég fái ekki útskýringar.“

Í tölvupósti sem Fréttablaðið hefur undir höndum kemur fram að Alþjóðasetur hafi ákveðið að halda áfram samstarfi sínu við Ómar þar sem engar sannanir hafi borist varðandi ásakanirnar. Alþjóðasetur geti hins vegar ekki úthlutað honum verkefnum sem falla undir Reykjavíkurborg þar sem fulltrúar borgarinnar hafi beðið sérstaklega um að svo verði ekki gert.

**„ Ég er ítrekað búinn að senda borginni fyrirspurnir en fæ engin svör. Ég hef alltaf verið heiðarlegur og þetta er óréttlátt.**

Ómar Samir, kennari og túlkur



Ómari grunar hverjir það eru sem saka hann um glæpina. Hann segir það líklega vera menn sem réðust á hann í lok síðasta árs vegna þess að hann hafi neitað að hjálpa þeim við að svíkja fé út úr ríkinu. Hann segir mennina hafa mútað sér til að hjálpa þeim en hann hafi þá farið til lögreglunnar með málið.

„Ég var beðinn um að hjálpa þeim að gera óheiðarlega hluti því þeir tala ekki íslensku. Ég sagði lögreglunni frá og var laminn,“ segir Ómar og bætir við að hann gæti þá allavega fengið að útskýra sína hlið á málinu.

Alexander Dungal, framkvæmdastjóri Alþjóðaseturs, segist ekki geta tjáð sig um málið vegna þagnarskyldu. „Ég hef ekkert slæmt um Ómar að segja. Reykjavíkurborg er mikilvægur viðskiptavinur okkar og við höfum einnig átt gott samband við Ómar.“

Ekki náðist í Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar, vegna málsins en hún staðfesti skriflega við Alþjóðasetur að borgin myndi ekki falla frá ásökununum. **nadine@frettabladid.is**






**Áður óséð AURISatilboð í takmarkaðan tíma**
á öllum gerðum Auris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**
**Tryggt framtíðarvirði**
**Fastar mánaðargreiðslur**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Verðdæmi á við Auris Live 1.4 dísil á 15" felgum frá Toyota Kauptúni. Verð getur verið mismunandi milli viðurkenndra söluaðila.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Nefnd umhverfisráðherra kannar forsendur hálendisþjóðgarðs

**UMHVERFISMÁL** Sett verður á fót nefnd, samkvæmt ákvörðun Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra, sem falið verður að kanna forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs innan svokallaðrar miðhálendislínu.

Nefndin á að draga saman helstu sjónarmið og fyrirliggjandi þekkingu er varðar nýtingu og vernd miðhálendisins, með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.



**Hálendisþjóðgarður yrði 40.000 ferkílómetrar að stærð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Miðhálendi Íslands er að mestu þjóðlendur þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Fyrirsjáanlegt er að álag aukist á svæðinu með aukinni ásókn ferðamanna og því er mikilvægt að kanna hvaða stjórntæki séu ákjósanlegust til að stýra álagi til lengri tíma.

Í nefndinni munu sitja fulltrúar frá forsætisráðuneyti, Samtökum ferðaþjónustunnar, Bændasamtökum Íslands, Samorku, umhverfisverndarsamtökum, Samtökum útivistarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þá munu sérfræðingar ráðuneyta og stofnana starfa með nefndinni auk þess sem Skipulagsstofnun og Náttúrufræðistofnun veita ráðgjöf og upplýsingar.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili greinargerð til ráðherra fyrir 1. nóvember 2016. **– shá**

# Skýrslur teknar hjá Móður jörð

**KJARAMÁL** AFL, Vinnumálastofnun og starfsmenn ríkisskattstjóra fóru í síðustu viku í Vallanes til þess að kanna aðstæður verkafólks við búið Móður Jörð. Á staðnum voru fimm sjálfboðaliðar við garðyrkjustörf, flestir erlendir og nýkomnir.

Í tilkynningu AFLs kemur fram að forráðamenn Móður Jarðar hafi sagt sjálfboðaliðana á vegum samtaka sem sendi fólk víða um heim til að vinna sjálfboðastörf, svo sem við umhverfisvæna jarðrækt. Einnig kom fram í skýringum þeirra að um einhvers konar námssamninga væri að ræða.

Lögregla tók skýrslu af sjálfboðaliðum. Lögð verður fram kæra vegna málsins vegna brota á reglum um atvinnu útlendinga.

Austurfrétt fjallaði um málið fyrr í mánuðinum, en 11. júní sendu forsvarsmenn lífræna búsins í Vallanesi, Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, frá sér yfirlýsingu og saka AFL Starfsgreinafélag um dylgjur. Þau nýti sér starfsemi sjálfboðaliðasamtaka, WWOOF, sem séu viðurkennd í öðrum löndum. Samtökin veiti mikilvægan stuðning við lífrænan landbúnað.

„Við teljum mikilvægt að þessari tegund sjálfboðaliðastarfs sé fundinn farvegur innan kerfisins,“ segir í yfirlýsingu þeirra. Þess má geta að Svíþjóð, Noregur og Danmörk taka þátt í WWOOF-samstarfi.

Sverrir Mar Albertsson hjá AFL segir sjálfboðaliðastörf í þjónustugreinum og landbúnaði eins og faraldur um þessar mundir og meinsemd á íslenskum vinnumarkaði.

„Við höfum samið um lágmarkskjör í landbúnaði sem á að virða,“ segir hann. Félagsleg undirboð verði ekki liðin. **– kbg**

**LEIÐRÉTT**

*Missagt var á menningarsíðu Fréttablaðsins 14. júní að Njála hefði fengið níu Grímur, en tíu voru þær.*

# Fá rúmar átta þúsund krónur fyrir tveggja daga prjónavinnu

**Á milli fjögur og fimm hundruð prjóna íslenskar lopapeysur fyrir Handprjónasambandið. Fyrir tveggja daga vinnu eru greiddar 8 til 9 þúsund krónur í verktakalaun. Prjónið sagt áhugamál kvenna en í raun ekki launuð vinna. Framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins hvetur prjónakonur til að leita til verkalýðsfélaga.**

**KJARAMÁL** Handprjónasambandið greiðir 10.600 krónur fyrir lopapeysu í miðlungsstærð fyrir konur. Efniviðinn þarf prjónafólk að kaupa sjálft á heildsöluverði, í peysuna fara um 700 grömm af garni sem kosta 2.420 krónur. Launin fyrir peysuna, sem tekur um tvo daga fyrir vana að prjóna, eru því 8.180 krónur.

Handprjónasambandið er samvinnufélag sem selur afurðir sínar á markaði. Rúmlega fimm hundruð manns prjóna fyrir sambandið, mestmegnis konur og þær eru félagsmenn. Sambandið ber því við að þeir sem prjóna fyrir það séu að mestu áhugakonur um prjón. Prjónið sé ástríðufullt áhugamál og það sé engin pressa að skila af sér afurð. Konurnar séu ekki í vinnu á vegum Handprjónasambandsins en sé gefinn kostur á því að fá laun fyrir áhugamál sitt.

Eftirgrennslan leiðir í ljós að konur sem prjóna fyrir Handprjónasambandið virðast ánægðar með fyrirkomulagið þótt þær myndu vilja fá meira greitt fyrir peysurna.

Þuríður Einarsdóttir, formaður Handprjónasambandsins, segir greiðslur til prjónafólks hafi verið hækkaðar tvisvar, í nóvember á síðasta ári og í apríl á þessu ári. „Við erum að reyna að halda í við prósentuhækkun kjarasamninga. Við höfum samt verið að reyna að halda kostnaði í lágmarki og verðinu á peysunum en kannski þurfum við að vera harðari í þessu.“

Þuríður telur að Handprjónasambandið selji um þúsund peysur á mánuði og segir tekjurnar sem prjónafólk fær þýðingarmiklar. „Margar eru duglegar að prjóna og í einhverjum tilfellum eru þær að drýgja tekjur sínar eða lífeyri,“ segir hún. Meðalaldurinn sé nokkuð hár í hópi prjónafólks. „Sú elsta sem prjónar fyrir okkur er níutíu og þriggja ára gömul,“ segir Þuríður.



**Falleg lopapeysa prjónuð fyrir Handprjónasambandið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Greiðslur til prjónafólks fyrir tveggja daga vinnu**

Lopapeysa úr þreföldum plötulopa í miðlungs herrastærð: 11.200 kr.
Hráefniskostnaður: 2.420 kr.
**Greiðsla: 8.780 kr.**

Lopapeysa úr þreföldum plötulopa í miðlungs kvennastærð: 10.600 kr.
Hráefniskostnaður: 2.420 kr.
**Greiðsla: 8.180 kr.**



**Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS**

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segist oft hafa vísað í þennan iðnað sem dæmi um hversu verðlítil vinna kvenna sé. „Þetta er arfur frá gamalli tíð og viðhorfið virðist vera að konur hafi svo gaman af þessu að það sé óþarfi að greiða þeim fyrir vinnuna,“ segir Drífa og segir meira að segja undanþágu í lögum um 40 stunda vinnuviku er lýtur að vinnu prjónakvenna.

Drífa segir augljóst að kjörin séu langt frá lágmarkslaunum. „Það væri áhugavert að fá prófmál til hreyfingarinnar þar sem gerð er launakrafa byggð á raunverulegu vinnuframlagi og raunverulegum lágmarkstöxtum. Ég hvet prjónakonur til að leita til verkalýðsfélaga með sín mál. Þetta er orðinn stór iðnaður og enn eitt dæmi um hvernig ferðaþjónustan sprengir utan af sér þann heimilisiðnaðarbrag sem áður var. Ef við ætlum raunverulega að byggja framtíðarvinnumarkað á ferðaþjónustu verðum við að koma svona hlutum í lag,“ segir Drífa.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






# Grunaða starfsmanninum sagt upp

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að segja upp starfsmanni Félags heyrnarlausra sem er grunaður um mansal, að því er segir í tilkynningu félagsins í gær.

Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í lok maí. Þá hafði lögreglan komið konu, sem starfaði á vegum félagsins við sölu á happdrættismiðum, fyrir í Kvennaathvarfinu og hafið rannsókn. Konan hafði fengið um tuttugu þúsund krónur fyrir tæplega þriggja mánaða vinnu og borgað þúsund dollara til starfsmanns Félags heyrnarlausra til að fá að koma hingað og vinna. Lögregla rannsakar hvort fleiri þolendur séu í málinu.

Félagið segir innanhúsrannsókn, sem lögmaður Félags heyrnarlausra stýrði, hafa leitt í ljós alvarlegan trúnaðarbrest við félagið sem kallaði á tafarlausa uppsögn. „Misbrestur hefur orðið á því hvernig starfsmaðurinn fyrrverandi stóð að uppgjöri á tekjum vegna sölu happdrættismiða, gagnvart sölufólki.“




**Markaðs- og fjáröflunarstjóri Félags heyrnarlausra er nú til rannsóknar hjá lögreglu grunaður um mansal. Lögregla rannsakar hvort fleiri þolendur kunni að vera í málinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ljóst sé að eftirlit með sölumálum hafi brugðist. Þá segir að félagið muni gera ráðstafanir til að rétta hlut þeirra sem hlunnfarnir hafi verið í viðskiptum við starfsmanninn. „Þrátt fyrir að félaginu beri ekki lagaleg skylda til þess, telur það siðferðilega skyldu sína að tryggja hlut þeirra.“ **– snæ**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
**2.990.000 kr.**

**Sportpakki 260.000 kr.**

- 16" álfelgur
- Panorama glerþak
- Framlengt gler á skotti
- Svartir hliðarspeglar
- Dekkt afturljós og þokuljós að framan
- Stærri skjár í mælaborði
- Bluetooth

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**




KRÍT

Porto Platanias Village

Frá kr. 123.895
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 123.895 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 149.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
16. júní í 11 nætur.




KRÍT

Stökktu

Frá kr. 84.845
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 84.845 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð/herb/stúdíó. Netverð á mann frá kr. 89.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herb/stúdíó.
16. júní í 11 nætur.




COSTA DEL SOL

Aguamarina Aparthotel

Frá kr. 66.895
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 66.895 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 79.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
20. júní í 10 nætur.




COSTA DEL SOL

Stökktu

Frá kr. 54.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 54.995 m.v. 2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói. Netverð á mann frá kr. 59.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.
20. júní í 10 nætur.




COSTA DE ALMERÍA

Hotel Playaluna

Frá kr. 107.520
m/hálft fæði innifalið

Netverð á mann frá kr. 107.520 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 148.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
23. júní í 11 nætur.




Heimsferðir

## Samstaða vegna árásar




Hinsegin fólk víðs vegar um heim hefur minnst þeirra sem féllu í árás Omars Mateen á Pulse, skemmtistað hinsegin fólks í borginni Orlando, á sunnudag. Þessir Indverjar í Bangalore eru þeirra á meðal. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vinna að sátt eftir átök

**Innganga BDSM á Íslandi í Samtökin '78 hefur leitt af sér margra mánaða erjur innan samtakanna. Fundir samtakanna hafa í tvígang samþykkt aðildina.**

**SAMFÉLAG** Stjórn Samtakanna '78 og velunnarar samtakanna taka nú þátt í sáttameðferð til að lægja öldurnar eftir sérstaklega erfiðan vetur. Segja má að samtökin séu klofin eftir að félaginu BDSM á Íslandi var veitt innganga í samtökin á aðalfundi 5. mars. Þann 6. maí dró formaður samtakanna sig í hlé úr starfinu af persónulegum ástæðum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sáttameðferðin á viðkvæmu stigi. Þó hafi verið haldnir jákvæðir fundir fyrr í þessari viku sem miði að sáttum.

Þann 18. maí síðastliðinn afhenti hópur sem kallar sig Velunnara Samtakanna '78 stjórn samtakanna undirskriftir 128 meðlima sem vilja að aðalfundurinn verði endurtekinn. Þann 6. júní birtist svo löng yfirlýsing frá Velunnurum Samtakanna '78 á heimasíðu félagsins undir yfirskriftinni „Vegferð sitjandi stjórnar Samtakanna '78 út í ógöngur".

Málið hefur valdið vandræðum síðan áður en aðalfundur samtakanna var haldinn þann 5. mars síðastliðinn. Í lok febrúar sagði Fréttablaðið frá því að BDSM á Íslandi vildu fá inngöngu í samtökin en formaður BDSM á Íslandi sagði þá að kynningarstarf Samtakanna '78 á meðal ungmenna væri einn stærsti þátturinn í ósk BDSM félagsins um inngöngu. Unglingar með BDSM-hneigðir glímdu við sams konar togstreitu innra með sér og samkynhneigð ungmenni.

> **55,8%**
> staðfestu aðild BDSM á Íslandi að Samtökunum '78 á félagsfundi. Deilt er um lögmæti fundarins.

Innganga BDSM á Íslandi var síðan staðfest á áðurnefndum aðalfundi. Lögmaður Samtakanna '78 komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að til fundarins hefði ekki verið boðað með löglegum hætti. Boðað var til félagsfundar til að staðfesta ákvarðanir aðalfundar aftur í byrjun apríl.

Áður fór þó fram opinn fundur á vegum samtakanna. Í fundargerð fundarins eru umræður fundarins raktar og ljóst að mörgum var heitt í hamsi. Félagar í BDSM á Íslandi táruðust í pontu og allt leit út fyrir að sátt næðist í málinu. Samþykkt fundarins var að nýjan aðalfund þyrfti að halda, þrátt fyrir mikinn tilkostnað.

Niðurstaða stjórnar var hins vegar áðurnefndur félagsfundur þar sem allar ákvarðanir aðalfundar voru staðfestar, þar með talin aðild BDSM á Íslandi.

Í yfirlýsingu Velunnara segir að þeir hafi einnig fengið lögfræðiálit og niðurstöður þess séu að boða eigi til aðalfundar strax, stjórnin sem sitji sé umboðslaus vegna ágalla á aðalfundi 5. mars og ólöglegt hafi verið að ganga til aðalfundarstarfa á félagsfundinum 9. apríl. **snaeros@frettabladid.is**



**Umsóknarfrestur er til 15. júní**

# Mótaðu þína framtíð á Bifröst

Kynntu þér spennandi, framsækið námsframboð og kennsluhætti Háskólans á Bifröst í einstöku námsumhverfi. Við bjóðum upp á hentugar íbúðir á hagstæðri leigu, leikskóla og góðar samgöngur við nálægan grunnskóla. Verslun, kaffihús og veitingastaður á staðnum ásamt líkamsrækt og persónulegri nánd við samnemendur og starfsmenn skólans.

### Viðskiptasvið

Viðskiptafræði - BS
- með áherslu á markaðssamskipti
- með áherslu á ferðaþjónustu
- með áherslu á þjónustufræði

### Félagsvísindasvið

Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði - BA
Miðlun og almannatengsl - BA
Byltingafræði - BA

### Lögfræðisvið

Viðskiptalögfræði - BS
Viðskiptalögfræði með vinnu - BS
Lögfræði - ML

### Háskólagátt

Undirbúningur fyrir háskólanám

**Allt grunnnám á Bifröst er einnig kennt í fjarnámi.**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Bollagata 4. 3ja herbergja. Sérinngangur**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mikið endurnýjuð 87,0 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í þríbýlishúsi. Sér þvottaherbergi fylgir íbúðinni. Öll gólf íbúðarinnar eru nýlega flotuð og lökkuð nema baðherbergisgólf. Íbúðin hefur verið þó nokkuð mikið endurnýjuð á undanförnum árum, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, raflagnir og tafla, gler og gluggar og verið er að endurnýja drenlagnir. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

**Rjúpnasalir 10 - Kópavogi. 4ra herbergja íbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu.
**Verð 41,9 millj. Verið velkomin.**

**Skaftahlíð 8. 5 herbergja endaíbúð**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Talsvert endurnýjuð 126,0 fm. endaíbúð að meðt. sér geymslu. Íbúðin er mjög björt með gluggum á þrjá vegu. Samliggjandi stofur með útgengi á svalir til vesturs. Þrjú herbergi. Einnig útgangur á svalir úr hjónaherbergi. Ljóst parket á gólfum. Sameign snyrtileg.
**Verð 41,9 millj. Verið velkomin.**

**Austurkór 53 - Kópavogi . Endaraðhús**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Vel skipulagt 180,0 fm. endaraðhús á einni hæð á fallegum útsýnisstað við opið svæði við Austurkór í Kópavogi. Húsið er fullfrágengið að utan og með fullfrágenginni lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum undir á framlóð. Baklóð er tyrfð og með stórri steyptri og skjólsælli verönd á móti opnu óbyggðu svæði. Að innan er húsið tilbúið undir innréttingar. Aukin lofthæð er í öllu húsinu og mikil innfelld lýsing í loftum. Gólfsíðir gluggar í stofurými og útgengi á stóra og skjólsæla verönd til suðurs. Gólfhiti er í öllu húsinu.
**Verð 58,9 millj. Verið velkomin.**



**Eldri maður þakkar lögreglumanni fyrir störf sín utan við húsið þar sem lögregla gerði áhlaup í fyrrinótt.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hollande segir morðin óneitanlega hryðjuverk

**Liðsmaður hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki myrti hjón í París. Hann sat áður inni fyrir að ráða menn í heilagt stríð. Sór samtökunum hollustueið á Facebook. Forseti Frakklands segir hryðjuverkamenn enn ógna.**

**FRAKKLAND** „Þessar gjörðir eru óneitanlega hryðjuverk,“ sagði François Hollande, forseti Frakklands, við fjölmiðla í gær um tvö morð í París í fyrrakvöld. Hinn 25 ára gamli Larossi Abballa var handtekinn í gær, grunaður um morðin.

Abballa fæddist í úthverfi Parísar, Mantes-la-Jolie, en hann var handtekinn árið 2011 og dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi árið 2013 fyrir að hafa ráðið hermenn til að berjast í heilögu stríði í Pakistan.

Fyrr um daginn hafði Abballa svarið hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki hollustueið í beinni útsendingu á Facebook og í gær kallaði fréttastofa samtakanna, Amaq, hann hermann Íslamska ríkisins.

Fórnarlömb árásarinnar voru hjón, en karlmaðurinn var aðstoðarlögreglustjóri lögreglustöðvar nærri heimili þeirra. Á Abballa að hafa ráðist að heimili þeirra vopnaður hnífi um níuleytið, öskrandi „Allahu akbar“ eða Guð er mikill, samkvæmt vitnum. Á hann svo að hafa komið aftan að lögreglumanninum utan við hús hans og myrt hann áður en hann fór inn í húsið og byrgði fyrir dyrnar. Þá kom lögregla á vettvang á meðan Abballa á að hafa haldið konunni og barni þeirra í gíslingu. Pierre-Henry Brandet, talsmaður innanríkisráðuneytisins, segir lögreglu ekki hafa tekist að fá Abballa til að sleppa gíslunum og því hafi verið gert áhlaup á húsið upp úr miðnætti. Inni fundu lögreglumenn barnið á lífi en móðurina ekki.



**Larossi Abballa er í haldi lögregl, grunaður um hrottaleg morð í París í fyrrakvöld.** NORDICPHOTOS/AFP

> Umtalsverð hryðjuverkaógn steðjar enn að Frakklandi.
>
> François Hollande, forseti Frakklands



Hollande segir hjónin hafa verið myrt af hugleysi og segir Frakkland enn sæta umtalsverðri ógn af völdum hryðjuverkamanna. Hollande fundaði með öryggisyfirvöldum í Frakklandi í gær en neyðarástand hefur ríkt í landinu frá árásunum á París í nóvember. Í gær sagði Bernard Cazeneuve innanríkisráðherra að rúmlega hundrað hafi verið handteknir í Frakklandi, grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk, á þessu ári.

Facebook-reikningi Abballa var lokað stuttu eftir útsendinguna þar sem hann sór hryðjuverkasamtökunum hollustueið svo ekki er hægt að nálgast myndbandið lengur. David Thomson, franskur sérfræðingur í íslömskum hryðjuverkasamtökum og blaðamaður RFI, sagði á Twitter-síðu sinni að í myndbandinu hefði mátt sjá Abballa velta fyrir sér hvað gera ætti við barn hjónanna. Enn fremur segir hann Abballa hafa talað um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu sem nú fer fram. „Evrópumeistaramótið verður kirkjugarður,“ sagði Thomson Abballa hafa sagt.

Marc Trevidic, sem yfirheyrði Abballa eftir handtöku hans árið 2011, segir Abballa einn af átta manna hópi í viðtali við Le Figaro. Tveir úr þeim hópi hafi ætlað að ferðast til Lahore í Pakistan til að hitta yfirráðamann al-Kaída á svæðinu en verið handteknir þegar á flugvöllinn var komið. „Hann vildi heilagt stríð, það er víst. Hann hafði verið í þjálfun í Frakklandi, ekki herkænskuþjálfun heldur líkamlegri,“ sagði Trevidic. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Stjórnendur eiga að vera í takti við aðra

**KJARAMÁL** Launaþróun æðstu stjórnenda fyrirtækja á að vera í samræmi við almenna launaþróun á vinnumarkaði, að mati VR. Það er einnig mat VR að kaup og kjör æðstu stjórnenda eigi að taka mið af því sem gerist í sambærilegum störfum hjá sambærilegum fyrirtækjum.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Ólafíu B. Rafnsdóttur, formanni VR.

Í yfirlýsingunni segir að sú sé ekki raunin með launakjör og launaþróun framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem hafi verið til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu daga. Laun framkvæmdastjórans virðast vera umtalsvert hærri en þekkist í sambærilegum lífeyrissjóðum og virðast hafa tekið hækkunum á síðustu árum langt umfram það sem þekkist á almennum vinnumarkaði.

> VR á fjóra fulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Ég hef komið á framfæri við þá áhyggjum félagsins af stöðunni.
>
> Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR



„VR á fjóra fulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Ég hef komið á framfæri við þá áhyggjum félagsins af stöðunni og þeim sjónarmiðum sem ég reifa hér að framan,“ segir í yfirlýsingu Ólafíu.

Hún segir VR telja mikilvægt að stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skoði reglulega launakjör framkvæmdastjóra sjóðsins til að tryggja að þau séu í takt við þær áherslur sem félagið hafi að leiðarljósi við gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn sína. „Það ber að árétta að VR kemur ekki að ákvörðunum um launakjör framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna en ég hef




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Tvær slysasleppingar eldisfisks úr sjókvíum voru tilkynntar yfirvöldum með dags millibili. MYND/FISKELDI AUSTFJARÐA

# Tvær slysasleppingar úr eldi samtímis

**Fiskistofa staðfesti slysasleppingar á regnbogasilungi frá fyrirtækjum á Austurlandi og Vestfjörðum á sama tíma. Umfang sleppinganna liggur ekki fyrir. Bæði tilvikin kærð voru til lögreglu. Sjókvíarnar eru ekki af nýjustu gerð og umgengni uppfyllti ekki ströngustu reglur.**




**UMHVERFISMÁL** Fiskistofa fékk í gærmorgun staðfestingu á því að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins ÍS 47 ehf. í Önundarfirði. Á mánudag fékk Fiskistofa staðfestingu á því frá Fiskeldi Austfjarða að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins í Berufirði. Tvær slysasleppingar úr sjókvíum eru því til rannsóknar hjá Fiskistofu á sama tíma og hafa bæði málin verið kærð til lögreglu.

Guðni M. Eiríksson, sviðsstjóri hjá Fiskistofu, segist engar upplýsingar hafa enn þá um umfang slysasleppinganna tveggja – hversu mikið magn regnbogasilungs er um að ræða, en staðfestingu um atvikið í Önundarfirði hafi hann fengið eftir samskipti fyrirtækisins ÍS 47 og Matvælastofnunar. Hins vegar beri fyrirtæki að tilkynna samstundis um slíkt til Fiskistofu. Stofnunin hafi þegar tilkynnt um atvikið til lögreglu og eftirlitsmaður Fiskistofu verði sendur á vettvang til þess að ganga úr skugga um að fyrirtækið virki viðbragðsáætlun sína. „Við munum gera alvarlega athugasemd við að hafa ekki verið upplýst um þetta samstundis,“ segir Guðni.

Fiskeldi Austfjarða tilkynnti um slysasleppingu á mánudag. Þá hafði um tíma veiðst regnbogi á stöng við bryggjuna á Djúpavogi og í net innst í firðinum. Við köfun fannst lítið gat á einni kvínni, sem Guðmundur Gíslason, stjórnarformaður fyrirtækisins, útskýrði í viðtali við RÚV að þar sem gatið væri um einum metra undir sjávarmáli væri líklegt að skrúfa á utanborðsmótor hefði skorið netið í sundur.

„Ef það er rétt að utanborðsmótor hafi rofið netið þá skal haft hugfast að í reglum um sjókvíaeldi skulu allir bátar sem notaðir eru í fiskeldi hafa hlífar á skrúfunni,“ segir Guðni og bætir við að samkvæmt upplýsingum frá Fiskeldi Austfjarða hljóti gatið á kvínni að vera yngra en mánaðar gamalt, þar sem ekkert slíkt hafi fundist þegar kvíar fyrirtækisins voru yfirfarnar fyrir um mánuði.

## Regnbogi telst til framandi tegundar

- Regnbogasilungur telst ekki til íslenskra fisktegunda og ekki er vitað til þess að hann hafi náð að fjölga sér í íslenskri náttúru.
- Engu að síður verða fiskar sem sleppa úr eldi og koma fram í náttúrunni að teljast til framandi tegundar, er mat Veiðimálastofnunar og að almennt sé takmörkuð þekking á mögulegum áhrifum regnbogsilungs á vistkerfi hér á landi.

> **Það er hins vegar ekki þannig að þetta sé með öllu áhrifalaust, því ef eldissilungur berst í á í miklu magni þá fer hann í samkeppni við villtan fisk um pláss og getur valdið truflun á hrygningu og fleira. En til lengri tíma er þetta talið hafa lítil áhrif.**
>
> Guðni M. Eiríksson, sviðsstjóri hjá Fiskistofu



Guðni telur að það geti vel staðist við þær tímasetningar sem fregnir tóku að berast um regnboga í firðinum fyrir um tveimur vikum. Hins vegar gæti lengra verið liðið síðan og tekið að bera á fiski þegar fleiri hafa bæst við torfuna.

Fiskistofa óskaði eftir ráðgjöf frá Veiðimálastofnun um viðbrögð við því að regnbogasilung væri að finna í sjó í Berufirði. Mælir Veiðimálastofnun með því að aflað verði meiri upplýsinga um málið áður en frekari aðgerðir, svo sem netaveiðar, verði notaðar í firðinum til að ná eldisfiski. Ástæðan er sú að silungur og lax eru í göngu á svæðinu og telur Veiðimálastofnun að netaveiðar geti haft áhrif á villta laxa og silungastofna. Fiskistofa vakti athygli veiðifélaga í nágrenni Berufjarðar á málinu og einnig Landssambandi veiðifélaga. Eins og kunnugt er er til dæmis ein af bestu laxveiðiám landsins í næsta firði, eða Breiðdalsá.

„Það sem ég veit er að í báðum tilfellum er um eldri búnað að ræða, held ég örugglega. En við erum ekki með eftirlit á búnaði á okkar könnu og verð að vísa á Matvælastofnun hvað það varðar,“ segir Guðni spurður um fullyrðingar eldismanna um öryggi sjókvíaeldis í ljósi þess að tvær slysasleppingar eru staðreynd á sama tíma.

Regnbogasilungur telst ekki til íslenskra fisktegunda og ekki er vitað til þess að hann hafi náð að fjölga sér í íslenskri náttúru. Engu að síður verða fiskar sem sleppa úr eldi og koma fram í náttúrunni að teljast til framandi tegundar, er mat Veiðimálastofnunar og að almennt sé takmörkuð þekking á mögulegum áhrifum regnbogsilungs á vistkerfi hér á landi. **svavar@frettabladid.is**




mazda

Mazda CX-5 jeppinn ber af í sínum flokki enda stórglæsilegur á að líta og búinn öllu því besta frá Mazda. Með byltingarkenndri SkyActiv tækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórna afli eða viðbragði – enda er framúrskarandi akstursupplifun eitt aðalsmerki Mazda. Ný kynslóð SkyActiv fjórhjóladrifs gerir Mazda CX-5 rásfastari og enn sprækari. Að komast leiðar sinnar verður leikur einn.

Mazda CX-5 AWD hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju aðlögunarhæfu LED framljósin veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Ný innrétting og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður upp á GPS vegaleiðsögn, handfrjálsan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

*Komdu og reynsluaktu Mazda CX-5 AWD*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is
Nýr vefur
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á



FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Íslensku stuðningsmennirnir stóðu þétt við bakið á strákunum okkar í Frakklandi.



Gleðin var við völd á leið á völlinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrsti leikur

Áhangendur landsliðsins studdu við bakið á sínum mönnum jafnt í Frakklandi sem hér heima.



Íslendingar fjölmenntu á Ingólfstorg til að fylgjast með leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Spennan var ekki síður óbærileg á Ingólfstorgi






en í Frakklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Grundarfjarðarbær**

## Endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar

*Kynning á verkefnislýsingu*

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Tekin hefur verið saman og samþykkt lýsing skipulagsverkefnisins þar sem því er lýst hvernig staðið verður að endurskoðun aðalskipulagsins og um hvað hún snýst.

Hlutverk verkefnislýsingarinnar er að veita íbúum Grundarfjarðarbæjar og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um verkefnið framundan og gefa þeim tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Í lýsingunni kemur einnig fram hvar og hvernig tækifæri gefast til að hafa áhrif og taka þátt í skipulagsgerðinni.

Verkefnislýsingin er nú til kynningar, m.a. á skipulagsvef bæjarins, www.skipulag.grundarfjordur.is í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Útprentað eintak liggur jafnframt frammi á bæjarskrifstofunni Borgarbraut 16.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér verkefnislýsinguna og koma á framfæri ábendingum í síðasta lagi miðvikud. 13. júlí 2016. Þær má senda á netfangið bjorg@alta.is eða í pósti á Grundarfjarðarbær-aðalskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður.

*Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar*



# Málningarvinnan hefst hjá okkur

- mikið úrval af málningu og málningarverkfærum!




1.995.-

LÁGT VERÐ, ALLTAF!

JOTUN

**Tréolía, 3 l**

Alkýð-olía sem vinnur gegn gránun og sprungumyndun á pöllum, skjólveggjum, garðhúsgögnum o.s.frv. Notist á gagn- og þrýstifúavarið timbur.




JOTUN

**Trebitt pallaolía, 3 l**

Öflug hálfþekjandi viðarvörn sem hrindir vel frá sér vatni, styrkir yfirborðið,ver timbrið fyrir sólarljósi og gefur glansandi áferð. Fæst í mörgum litum.

6.995.-




JOTUN

**Demidekk Classic, 10 l**

Góð þekandi akrýl viðarvörn. Gefur teygjanlegt yfirborð, án þess að viðarmynsturglatist. Hefur frábært vatns- og veðrunarþol og hleypir raka úr viðnum auðveldlega gegnum sig.

14.995.-




JOTUN

**Demidek olíumálning 10 l**

Þekjandi alkýð viðarvörn. Hálfglansandi 9-13 m² pr l. Þornar á 24 tímum.

24.995.-



100 MM

2.495.-

ANZA

**Platinum viðarvarnarpensill**

Hentar vel fyrir veggi utanhúss, girðingar og þök. Pensillinn er slitsterkur, dreifir lit mjög vel og þekur einnig vel. .



1.395.-

ANZA

**Platinum málningarrúllusett**

Rúllusett með bakka, álskafti og Platinum rúlluhólki fyrir mjög slétta fleti. Hentar frábærlega fyrir pallinn og stærri viðarfleti.




JOTUN

**Demidekk pallahreinsir, 5 l**

Öflugt og gott hreinsiefni, sem drepur myglu og sveppamyndun í timbrinu og eyðirgráma. Auðvelt að bera á. Skolað með vatni.

3.995.-




JOTUN

**Penslahreinsir, 1 l**

Gott hreinsiefni fyrir pensla.

1.895.-




JOTUN

**Kraftvask, 1 l**

Öflugt hreinsiefni til að nota áður en málað er.

1.895.-




JOTUN

**Husvask, 1 l**

Öflugt hreinsiefni til að nota fyrir málun

1.895.-

BAUHAUS®




**Bankirai-harðviðarpallaefni**
21 x 145 mm. Harðviður með náttúrulegri olíuhúð og mikilli endingu sem hentar sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður.
Verð á m.

**1.395.-**




BAUHAUS veitir nú 20 ára ábyrgð á stórum hluta gagnvarða timbursins okkar. Vertu vakandi fyrir ábyrgðarmerkinu FT Premium®.

**Pallatimbur**
Úr gagnvarinni furu, NTR A/B-vottað.
28 x 120 mm. Verð á m.

**195.-**



ATHUGIÐ: GREIÐA ÞARF TRYGGINGAGJALD FYRIR BRETTI

**365.-**

**Holmegaard-kantsteinn**
14 x 21 x 14 cm. Hentar t.d. til að loka kanti.
Grá steypa. Stykkjaverð.

I·B·F
**Holmegaard-steinn, grár**
14 x 21 x 5,5 cm. Með veðraðri áferð.
Verð á m².

**3.495.-**
~~4.080.-~~



I·B·F
**Holmegaard-steinn, gráblandaður**
14 x 21 x 5,5 cm. Með veðraðri áferð.
Verð á m².

**4.495.-**
~~5.100.-~~



I·B·F
**Holmegaard-steinn, svartur**
14 x 21 x 5,5 cm. Með veðraðri áferð.
Verð á m².

**4.495.-**
~~5.270.-~~

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

## MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

## Svartir sauðir



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Þrjátíu og fimm einstaklingar slösuðust í óeirðum í borginni Marseille á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu um helgina, þar af fjórir alvarlega. Alls hafa 63 verið handteknir frá upphafi mótsins vegna ofbeldis. Óeirðirnar urðu í kjölfar leiks Englands og Rússlands, en um 150 manna hópur vel þjálfaðra rússneskra fótboltabulla stóð fyrir þeim. Tuttugu voru handteknir og verður réttað yfir tíu þeirra á næstu dögum. Þá voru tveir Englendingar dæmdir í fangelsi fyrir sinn þátt á mánudag. Báðir köstuðu þeir flöskum í lögregluþjóna og hvorugur má koma aftur til Frakklands næstu tvö árin.

Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, hefur sett rússneska liðið í skilorðsbundið bann vegna hegðunar stuðningsmanna liðsins. Rússar mega sem sagt halda áfram keppni en ef þeir halda sér ekki á mottunni þá verður liðinu vísað úr keppni. Rússneska knattspyrnusambandið var einnig sektað um 20 milljónir króna vegna hegðunar stuðningsmannanna.

Íþróttamálaráðherra Rússa telur UEFA hafa gert rétt. En því eru hins vegar margir kollegar hans ósammála. Igor Lebedev, þingmaður LDPR flokksins, segist ekkert skilja hvað sé að því að fótboltaaðdáendur sláist. „Þvert á móti. Vel gert, strákar! Haldið þessu áfram,“ sagði hann á Twitter-síðu sinni. Einn liðsmanna rússneska liðsins, Artem Dzybua, sagði Englendinga enga engla og jafn seka og rússnesku stuðningsmennina. Þjálfarinn, Leonid Slutsky, gagnrýndi einnig hegðun Englendinga og sagði stuðningsmenn allra liða um allan heim meira og minna eins, Rússar væru engin undantekning.

En stuðningsmannahópar eru alls ekki eins. Þvert á móti virðist það viðvarandi vandamál hjá sumum að haga sér eins og bjánar meðan slíkt þekkist ekki annars staðar.

Árið 2018 verður HM í knattspyrnu haldið í Rússlandi. Ákvörðunin um að Rússar fengju mótið varð strax umdeild. Margir mótmæltu þegar malasíska farþegaflugvélin var skotin niður í Úkraínu og eins hefur afstaða Rússa gagnvart samkynhneigðum kynt undir gremju í garð mótshaldaranna.

Ef fyrrgreind afstaða Rússa gagnvart skipulögðu ofbeldi stuðningsmanna er hin opinbera hlýtur það að vera vandamál fyrir þá sem mótshaldara eftir tvö ár. Ofbeldi tengt íþróttaviðburðum er mikið vandamál þar í landi og eru stórmótin greinilega engin undantekning þar á hjá stuðningsmönnum. Talsmaður Vladimirs Pútín hefur þó sagt að lögbrot rússneskra þegna séu óásættanleg og að ætlast sé til þess að Rússar virði lög annarra ríkja.

Aðgerðir UEFA gegn þessum ofbeldismönnum eru réttar. Ofbeldi og íþróttir eiga ekki saman. Geti stuðningsmenn ákveðinna liða ekki hagað sér eiga þau lið ekki að hafa keppnisrétt. En afstaða sumra Rússa eftir óeirðirnar í Marseille er óásættanleg. Hún er gegn lögum og reglum Frakklands og hún gengur einnig gegn gildum UEFA þar sem segir að bera skuli virðingu fyrir leiknum, heilindum, fjölbreytileika, reisn, heilsu leikmanna, reglum, dómaranum, mótherjum og stuðningsmönnum. Ekkert umburðarlyndi er gagnvart kynþáttahatri, ofbeldi eða lyfjamisnotkun.

**Virðist það viðvarandi vandamál hjá sumum að haga sér eins og bjánar meðan slíkt þekkist ekki annars staðar.**




**Halldór**




## Frá degi til dags

**Forsetakosningum lokið**
Tíu dagar eru þar til kosningabærir landsmenn velja sér nýjan forseta. Í miðjum EM-hamagangi þurfa því kjósendur að taka upplýsta ákvörðun um hver setjist að á ríkisjörðinni Bessastöðum og taki við keflinu af Ólafi Ragnari Grímssyni. Kosningabaráttunni er í raun lokið, frambjóðendur gera sér grein fyrir að Evrópumótið í knattspyrnu yfirgnæfir raddir þeirra. Úrslit kosninganna liggja nánast fyrir. Það er eins og þjóðin hafi ekki áhuga á kosningunum lengur. Ég gæti líka trúað því að hinn venjulegi kjósandi gæti ekki talið upp alla forsetaframbjóðendurna með fullu nafni.

**Ráðherrakokteill**
Á meðan almenningur er annaðhvort í Frakklandi, eða með heilabúið í Frakklandi, hefur einn maður í nógu að snúast við að stýra þjóðarskútunni meðan á EM stendur. Sá heitir Kristján Þór Júlíusson, sem dags daglega stýrir heilbrigðismálum landsins af miklum móð. Hann hefur engan tíma til að fylgjast með knattspyrnu því nú er hann svokallaður einræðismálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Nú stendur þannig á að allir ráðherrar Sjálfstæðisflokks, utan Kristjáns, eru staddir erlendis og gegnir hann því embætti ráðherra fjármála, menntamála, innanríkismála, og atvinnuvegamála. Greinilegt að Kristján er margra manna maki. sveinna@frettabladid.is

## Vilja flytja kýr í flugvélum



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Það er ekki nóg með að ríkisstjórnin vilji gera kýr að flugvélafarþegum. Hún vill senda heilar hjarðir í heimsreisur. Og ekki bara nautgripi heldur líka kjúklinga og svín. Að vísu ekki lifandi, heldur dauð. Steindauð, tilbúin á steikarfatið. Heimsreisur? Mér er sagt að ódýrustu kjúklingar á markaði í Evrópu séu komnir alla leið frá Austur-Asíu, Kína og Taílandi.

Þetta er inntakið í samningi Íslands við Evrópusambandið um að örva viðskipti með kjöt milli Evrópumarkaðar og Íslands. Samningurinn hefur að vísu enn ekki verið staðfestur og verður það vonandi ekki.

Ýmsir hafa fundið að þessum samningi á margvíslegum forsendum. Ég er í þeim hópi og hef nefnt ýmsa þætti. Í þessum línum vil ég benda sérstaklega á einn þessara þátta, umhverfisþáttinn. Og ég spyr: Vilja menn virkilega ekki reyna að stuðla að því að samfélög verði sem best sjálfbær um framleiðslu á mat í nærumhverfi sínu?

Aukin ferðamennska í heiminum er jákvæð þróun. Það er skemmtilegt og eftirsóknarvert að heimsækja fjarlægar slóðir. Það finnst okkur flestum og ef vel er á haldið getur af ferðamennskunni spunnist spennandi nýsköpun í atvinnurekstri og gert okkur betur meðvituð um stórkostlegan margbreytileika heimsins í náttúrufari og menningu. Þennan margbreytileika á að leggja rækt við. Þar hafa Íslendingar margt fram að færa, og viti menn, ekki síst í matvælaframleiðslu!

En ferðamennskan á sér takmörk, enda hóf á öllu best. Hún setur þannig aukið álag á umhverfið, mengandi flugumferð er að margfaldast og hin risastóru skemmtiferðaskip eru sögð mikill mengunarskaðvaldur.

Og ofan á þetta allt vilja menn nú senda naut, þúsundum saman, hænur og svín, í flugferðir heimshorna á milli.

Er þetta skynsamleg stefna? Tökum afstöðu í þessu máli, sem á sér hliðar sem kunna að reynast afdrifaríkari en margan grunar. Látum síðan framtíðinni eftir að greina afstöðu okkar, hver reyndust vera framsýn og hver afturhald.

Vilja menn virkilega ekki reyna að stuðla að því að samfélög verði sem best sjálfbær um framleiðslu á mat í nærumhverfi sínu?

**Aukin ferðamennska í heiminum er jákvæð þróun. Það er skemmtilegt og eftirsóknarvert að heimsækja fjarlægar slóðir.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Orð og efndir



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

> **Hvers vegna var talað við Grensásvegarfólkið en ekki okkur hér í Leitunum?**

Vegna andófs míns og annarra gegn miklu byggingarmagni á sk. Útvarpsreit við Efstaleiti varð ég mér úti um Samstarfssáttmala meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur frá 11. júní 2014. Þar er margt fallegt að finna, sem ég hlýt að taka undir heils hugar, og við lesturinn vaknar ósjálfrátt þakklæti fyrir að lúta leiðsögn fólks með slík markmið.

Í inngangi segir m.a.: „Við viljum friðsælt, réttlátt og frjálslynt samfélag þar sem allir sitja við sama borð og lúta sömu leikreglum. ... Virðing fyrir öllu fólki ... verður sett í öndvegi. Síðast en ekki síst viljum við, að það sé ekki bara okkar vilji sem gildi. Við viljum efla lýðræðið svo að kraftur allra borgarbúa nýtist við stefnumörkun og ákvarðanatöku hins opinbera. Við hlustum á alls konar raddir og sköpum þeim vettvang. Með opnari stjórnsýslu verður samræðan upplýstari, ákvarðanatakan skilvirkari og sáttin meiri.“

Um stjórnkerfi og lýðræði er þetta skráð: „Gagnsæi og aukið íbúalýðræði er eitt af meginverkefnum kjörtímabilsins. Markmiðið er að auka traust, bæta upplýsingamiðlun og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku.“

Loks segir um umhverfis og skipulagsmál: „Kynning og upplýsingagjöf til íbúa verði bætt í tengslum við skipulagsmál bæði stór og smá. Hverfisskipulag verði unnið í nánu samráði við íbúa viðkomandi hverfa.“

Ég hef valið hér úr það sem snertir beint málflutning okkar sem andæft höfum gegn skipulagi Útvarpsreitsins. Þann 1. júní var ég á kynningarfundi í Háaleitisskóla. Þar var hópur arkitekta, sem borgin hefur ráðið til að rýna skipulag borgarhlutans sem við byggjum og leita eftir hugmyndum okkar um betri byggð. Mér finnst þessi vinnubrögð til fyrirmyndar og við mættum mikilli lipurð og hjálpsemi reyndra fagmanna. Þeir hafa starfað síðan 2014.

**Í andstöðu við fögur fyrirheit**

En á liðnu ári tóku borgaryfirvöld tvö svæði út fyrir sviga, sem hópurinn hefur því ekki sinnt. Þessi svæði eru Grensásvegurinn og Útvarpsreiturinn. Við íbúa næst Grensásveginum var haft samráð eftir því sem borgarstjóri upplýsti á fundi í hverfinu nýlega. Um Útvarpsreitinn gegnir hins vegar allt öðru máli. Þar finnst mér flest, ef ekki allt, í andstöðu við hin fögru fyrirheit Samstarfssáttmálans. Án þess að virða nágrennið viðtals var í lok janúar 2015 efnt til hugmyndasamkeppni um reitinn. Henni var lokið 30. júní sama ár. Tillögurnar voru kynntar, ein þeirra valin og verðlaunuð af yfirvöldum, en íbúalýðræðið virðist hafa gleymst. Loforð Samstarfssáttmálans um náið samráð við íbúa hverfisins svikið, að allir sitji við sama borð hefur trúlega gleymst, virðing fyrir öllu fólki hrakin úr öndvegi, það niður lagt að hlusta á alls konar raddir og skapa þeim vettvang.

Á liðnum mánuðum hef ég skrifað tvær greinar um þetta mál, auk þess sem ég hef komið athugasemdum á framfæri við það mikla byggingarmagn, sem á að koma á þessum reit og verður varla nefnt annað en ferlíki. Ein þeirra varðar umferðina. Ég taldi einn daginn bílana á stæðum Útvarpsins. Þeir voru 240 og virðist það venjulegur fjöldi. Þarna á nú að byggja 361 íbúð og 800 fermetra atvinnuhúsnæði. Sé reiknað með 1,5 bílum á íbúð, verða þeir 541. Við þá bætast kannski 24 bílar vegna atvinnuhúsnæðisins. Þeir verða þá 565 sem hugsanlega mæta þeim áður nefndu 240 bílum tvisvar á dag þegar umferðarþunginn er mestur. Ég er ekki sérfræðingur í þessum málum en eins og umferðin er í dag á hinum miklu álagstímum fyrri og seinni part dags, þá efa ég að gatnakerfið þoli þessa viðbót.

Hvers vegna var talað við Grensásvegarfólkið en ekki okkur hér í Leitunum? Hvers vegna fáum við ekki að njóta íbúalýðræðisins? Hvers vegna er okkur ekki sýnd sú virðing að reyna að ná með okkur, í upplýstri samræðu, góðri sátt um nýtingu þess ágæta umhverfis sem við búum í? Sýnist mönnum sem orð og efndir fari saman hjá yfirvöldum í Reykjavík? Er það bara þeirra vilji sem á að ráða? Ég hlýt að óska eftir svörum frá borgarstjórn og helst á almennum, vel auglýstum fundi með nágrönnum Útvarpsreitsins.





# Þekkingarverksmiðjan – Afleiðingar nýfrjálshyggjuvæðingar háskóla á Íslandi

**Lawrence D. Berg**
prófessor við háskólann í bresku Kólumbíu

**Edward H. Huijbens**
prófessor við háskólann á Akureyri

**Henrik Gutzon Larsen**
dósent við háskólann í Lundi

Nýlega komu fréttir af því að Háskóli Íslands hefði færst upp í 222. sæti á alþjóðlegum samanburðarlista háskóla í heiminum (The Times Higher Education World University Rankings). Rektor Háskóla Íslands fagnaði þessu sérstaklega og sagði: „Niðurstaðan er mikil viðurkenning fyrir alla þá sem starfa hér ...“ Færslan frá sætum 251 til 275 þótti fréttnæm og sérstakt fagnaðarefni. Sambærilegan metnað má finna í háskólum um víða veröld. Í háskólanum í Bresku-Kólumbíu lýsti nýráðinn rektor því yfir að hann ætlaði sér að skólinn yrði meðal tíu efstu í heiminum á slíkum samanburðarlista. Stjórnvöld í Danmörku settu sér nýlega það markmið að hafa í það minnsta einn háskóla í landinu á meðal tíu bestu í heiminum.

Líkt og orð rektors bera með sér byggja samanburðarlistarnir á mælingum á frammistöðu starfsfólks skólanna, nokkuð sem hér á landi er kallað vinnumatskerfi og allir opinberir háskólar hafa sammælst um. Greinar sem háskólakennarar birta, fyrirlestrar sem þeir halda, bækur sem eru skrifaðar og önnur „framleiðsla“ þeirra er þannig talin til stiga. Þetta vinnumatskerfi við íslenska háskóla á sér hliðstæðu í háskólum Norður-Evrópu og víðar.

**Umhyggja fyrir nemendum og samstarfsfólki, gæði vinnuumhverfis og annað sem snýr að því að rækta gott samfélag innan veggja háskóla er ekki metið og þeim hampað helst sem hugsa um eigin frama.**



Vinnumatskerfið íslenska á rætur í kjarasamningum kennara við ríkið en er nú að verða birtingarmynd samkeppnisvæðingar háskóla. Þessi samkeppnisvæðing er ein þriggja meiriháttar breytinga sem eru að eiga sér stað í háskólum í Norður-Evrópu í það minnsta. Hinar snúa að ójöfnuði og breyttum skilningi á háskólafólki. Forsenda samkeppni er ójöfnuður og þannig verður nú að skilgreina einn háskóla sem verri og annan sem betri, byggt á samræmdu mati þeirra í millum. Sama gildir um starfsfólk háskólanna. Það er svo lagt á sömu mælistiku og verður ekki fólk í öllum sínum fjölbreytileika, heldur mannauður sem annaðhvort leggur til markmiða kerfisins eða ekki. Mælanlegur mannauður háskóla byggir þannig á alþjóðlegu markaðstorgi háskóla á heimsvísu.

Þessi samkeppnisvæðing er birtingarmynd tiltekinnar rökvísi sem kennd er við nýfrjálshyggju í seinni tíð. Vinnumatskerfið er að verða grunnur að markaði þar sem háskólar keppa og á sama tíma er kerfið tækið til að skilja markaðinn. Afleiðingar þessa eru hins vegar mun víðtækari en bara einhver stigakeppni milli háskóla.

### Kvíði meðal starfsfólks

Hinum mælanlega mannauði háskóla er ráðstafað til að mæta markmiðum þess kerfis sem myndar skilyrði markaðarins. Þannig leggur vinnumatskerfið grunn að samkeppni milli starfsfólks háskóla, þar sem þeim er hyglað sem þjóna markmiðum kerfisins en aðrir standa stöðugt verr að vígi. Markmið um birtingar í tilteknum ritum, markmið um fé úr samkeppnissjóðum og markmið um stöðu skóla í samanburði við aðra stýra vinnu háskólafólks í sífellt meiri mæli, en ofan í kaupið bætist að þessi markmið reynast stöðugt færanleg. Það er þegar fleiri ná að mæta markinu er það fært hærra eða lengra. Almennt þýðir þetta vaxandi kvíða meðal starfsfólks. Kvíða sem birtist sérstaklega hjá þeim sem yngri eru í kerfinu og eru að reyna að skapa sér starfsvettvang.

Það sem meira er, þá skapar þessi samkeppnisvæðing starfsmenningu sem snýst um stundarhag. Markmiðin eru mæld árlega og háskólafólk leitar eftir farvegi fyrir sem flest stig til að leggja til eigin stigastöðu og síns háskóla. Þar sem sú mæling þarf að vera alþjóðleg tapast t.d. þekking sem snýr að íslensku samfélagi eða henni er ævinlega speglað í viðmiðum annarra þjóða, þó umfram allt enskum. Þekking sem þannig hefur alþjóðlegt skiptagildi grefur því undan háskóla sem samfélagi þekkingarsköpunar. Umhyggja fyrir nemendum og samstarfsfólki, gæði vinnuumhverfis og annað sem snýr að því að rækta gott samfélag innan veggja háskóla er ekki metið og þeim hampað helst sem hugsa um eigin frama. Háskólinn, sem grundvöllur þekkingarsamfélags framtíðar, er því að verða þekkingarverksmiðja sem grefur undan gæðum þekkingarsköpunar. Hér á landi höfum við enn færi á að sporna við þessari þróun.

*Höfundar eru landfræðingar. Þessi grein er samantekt lengri greinar í þemahefti Canadian Geographer, 60(2) um siðferði umhyggju í háskólum.*

# Byrgjum brunninn – fyrirbyggjum einelti



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri Vináttu hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Reglulega koma í fjölmiðlum sögur af skelfilegum eineltismálum. Einelti sem jafnvel hefur fengið að þrífast árum saman. Að baki þeim eru einstaklingar, fjölskyldur og heilu samfélögin sem þjást. Menn finna til vanmáttar og mörgum finnst lítið sem ekkert gert til að rétta hlut þess sem brotið er á. Nú nýlega rataði enn eitt slíkt eineltismál í fjölmiðla, einelti í skóla í Reykjavík og líkamsárás.

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur hefur nú samþykkt að óháður aðili verði fenginn til að fara yfir verkferla vegna eineltis og samskiptavanda barna. Mjög mikilvægt er að verkferlar séu góðir og virki vel þegar slík mál koma upp. Jafnframt er mikilvægt að þeir sem eru þolendur eineltis, svo og gerendur fái viðeigandi aðstoð. Að vinna úr afleiðingum eineltis getur tekið langan tíma, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið allt.

Best er því auðvitað að koma í veg fyrir einelti. En hvernig er hægt að koma í veg fyrir einelti og byggja upp umhverfi barna þannig að samskiptin byggist á virðingu, umburðarlyndi fyrir margbreytileikanum, umhyggju fyrir náunganum og hugrekki til að bregðast við órétti? Það er gert með því að byggja upp góðan skólabrag og skilning á því að einelti er félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi. Það er gert með því að skoða og vinna með hópinn sem heild og samskiptamynstur hans, en ekki einblína á að einhver sé slæmur og annar góður, ekki á geranda og þolanda. Það er gert með því að tryggja að ekki sé jarðvegur fyrir einelti. Það er gert með því að byrja strax í leikskóla.

**Einelti getur þróast út frá aðstæðum sem í fljótu bragði virðast saklausar, eins og að skilja út undan í leik, eða vilja ekki leiða einhvern. Þegar tekist er á við þannig aðstæður er mikilvægt að tryggja að allir komi út úr aðstæðum með reisn.**

Vináttuverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla sem byggir einmitt á þessari hugmyndafræði. Verkefnið byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og rannsóknir sýna að verkefnið ber góðan árangur. Jafnframt er mikil ánægja meðal starfsfólks, foreldra og barna með Vináttu. Verkefnið er danskt að uppruna, nefnist Fri for mobberi á dönsku, og er nú notað í 50% leikskóla í Danmörku og 40% grunnskóla. Barnaheill hófu vinnu með verkefnið haustið 2014 og í dag eru 30 leikskólar þátttakendur í verkefninu. Fleiri munu bætast í hópinn í haust.

Einelti getur þróast út frá aðstæðum sem í fljótu bragði virðast saklausar, eins og að skilja út undan í leik, eða vilja ekki leiða einhvern. Þegar tekist er á við þannig aðstæður er mikilvægt að tryggja að allir komi út úr aðstæðum með reisn. Að ekki séu búnir til sökudólgar eða fórnarlömb. Mikilvægt er að öll börnin fái tækifæri til að byggja upp sterka sjálfsmynd og samskiptahæfni og séu metin út frá eigin styrkleikum. Það eru hinir fullorðnu sem bera ábyrgð á að búa börnunum þannig umhverfi og að vera börnunum góðar fyrirmyndir í orði og verki.

Leikskólar sem hafa áhuga á að taka þátt í Vináttu geta haft samband við barnaheill@barnaheill.is

# Álútir skulu menn ganga ...



**Vigfús Geirdal**
sagnfræðingur



Og standa vörð um dönsku stjórnarskrána! Sú var tíð að Morgunblaðið var gjarna kallað ‚Danski Moggi‘ og líklega eru það leifar af þessum gömlu menningartengslum að Morgunblaðið etur nú fram sérstökum frambjóðanda sínum í komandi forsetakosningum, frambjóðanda sem hefur gert það að sínu helgasta baráttumáli að ekki megi hrófla við stjórnarskránni sem við fengum fyrst sem danskir undirsátar árið 1849 og Kristján konungur IX. færði okkur síðar að gjöf lítt breytta á þúsund ára afmælinu 1874.

„Stjórnarskráin okkar vill ekki láta breyta sér,“ segir hann landsföðurlegur á svip, og vilja margir meina að hér kveði við nýjan tón í skilningi og túlkun á grundvallarlögum þjóða. Fagsystkini hans hafa hingað til látið sér nægja að fjalla um þau á yfirhafinn hátt sem steintöflur fallnar af himnum.

Nútímafólk veit að stjórnarskrá sem þannig hefur öðlast líkama, sál og frjálsan vilja á sér bæði ætt og uppruna. Þótt margir kunni að ætla að hún sé jafníslensk og sauðkindin eru þeir enn til sem vita að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er að mestu þýdd og örlítið staðfærð útgáfa af dönsku grundvallarlögunum 1849. Og það vill líka til að vel er vitað hver er faðir dönsku og þar með íslensku stjórnarskrárinnar. Það er Ditlev Gothard Monrad biskup (1811-1887).

### Ættarmótið

Allir sem enn eru stautfærir á dönsku sjá ættarmótið á ákvæðum eins og: „Regjeringsformen er indskrænket-monarkisk“ (sem á íslensku hefur verið þýtt ‚þingbundin stjórn‘ og útlagt á þá leið að merki ‚þingræði‘ þótt Danir hafi sjálfir séð ástæðu til að bæta inn

**Það er göfugt og verðugt markmið hins lögfróða forsetaframbjóðanda Morgunblaðsins að vilja heiðra minningu Monrads biskups, föður stjórnarskrárinnar okkar, og slá um leið skjaldborg um þá stjórnarskrá sem hefur reynst ráðandi stéttum hins forna Danaveldis svo vel.**

ákvæðum um þingræði árið 1953). „Den evangelisk-lutherske Kirke er den danske Folkekirke og understøttes som saadan af Staten.“ „Kongen er ansvarsfri (...) Ministrene ere ansvarlige for Regjeringens Førelse.“ „Kongen udnævner og afskediger sine Ministre.“ „Kongen kan opløse enten hele Rigsdagen eller een af dens Afdelinger; ...“ O.s.frv. Ef til vill er rétt að minna á að þegar þessi ákvæði tóku gildi dirfðist enginn danskur þegn að halda því fram að Friðrik VII. væri svo gott sem valdalaus.

Þótt D.G. Monrad biskup, faðir hinnar dönskíslensku stjórnarskrár, hafi ekki verið löglærður maður heldur geistlegrar stéttar þá tókst þessi lagasmíði hans svo vel að íslensk lögmannastétt telur sig helst ekki geta unnið eftir öðrum grundvallarlögum. Því að það sem Monrad kann að hafa verið áfátt í lögvísi bætti hann upp með spámannlegum innblæstri. Einhverjir sem horfðu á dönsku sjónvarpsseríuna 1864 kunna að minnast hans í ógleymanlegri túlkun leikarans Nikulásar Bros.

Það er göfugt og verðugt markmið hins lögfróða forsetaframbjóðanda Morgunblaðsins að vilja heiðra minningu Monrads biskups, föður stjórnarskrárinnar okkar, og slá um leið skjaldborg um þá stjórnarskrá sem hefur reynst ráðandi stéttum hins forna Danaveldis svo vel. Helst ætti hann að heita því að færa hana í upprunalegt horf. Þannig yrðum við á ný (í það minnsta óbeint) órjúfanlegur hluti hins gamla yfirþjóðlega veldis Danmerkur, Íslands (áður Noregs), Vinda og Gauta, hertogadæmanna Slésvíkur, Holtsetalands, Stórmœris, Þéttmerskis, Láinborgar og Aldinborgar og þar með að nýju komin undir væng hins heilaga þýskrómverska ríkis. Það er sú Evrópa sem þeir Íslendingar sem komnir eru til vits og ára vilja tilheyra.

Eldri borgarar þessa lands, hvar í flokki sem þeir standa, ættu að fylkja sér um þennan frambjóðanda ‚Blaðs allra landsmanna‘, einkum þó gamlir ‚afturhaldskommatittir‘, Samfylkingarfólk á flótta, Viðreisnarmenn og einlægir Evrópusinnar. Íslendingar hafa alltaf vitað með hverjum þeir standa þegar hætta steðjar að og þeir horfast í augu við Golíat í fylkingarbrjósti Filisteanna.



*Nú er **SYNC II** samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu,*
***8" snertiskjá** og **íslenskt leiðsögukerfi***
*einnig hluti af ríkulegum staðalbúnaði*

# NÝR FORD FOCUS

> Hinn sívinsæli Ford Focus er þekktur fyrir framúrskarandi gæði, frábæra akstурseiginleika og hagkvæmni í rekstri.

Staðalbúnaður Ford Focus er nú enn glæsilegri en áður. Má þar nefna SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringinu í 112, íslenskt leiðsögukerfi og 8" snertiskjá.

Ford Focus kemur á 16" álfelgum og er það að auki búinn Ford MyKey búnaði, upphitanlegri framrúðu, akstурstölvu, leðurklæddu stýrishjóli, loftkælingu, spólvörn, brekkuaðstoð og Ford Easy Fuel® búnaði.

**Upplifðu frábæra akstурseiginleika Ford Focus**
**- komdu og prófaðu**

## FORD **FOCUS**

BEINSKIPTUR
FRÁ **3.350.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **3.550.000** KR.

FÁANLEGUR STATION FRÁ 3.510.000 KR.

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

ENNEMM / SÍA / NM66402




Síminn
Fjölskyldan greiðir 8.100 kr. fyrir alla
Þegar þú velur Endalausa Snjallpakkann með Fjölskyldukorti þá nær það ekki aðeins yfir öll símtöl og SMS fyrir þig og makann, heldur geturðu bætt við allt að 11 börnum, 18 ára eða yngri, fyrir 0 kr. stykkið.
Já, þú getur svo sannarlega meira með Símanum!
Hafðu samband í síma 800 7000 eða í netspjalli á siminn.is
Endalaus Snjallpakki – 30 GB*
6.100 kr.
Fjölskyldukort – Samnýtt gagnamagn
2.000 kr.
Allt að 11 Krakkakort! – 1 GB
0 kr.
*Stækkaðu í 100, 200 eða 300 GB

# Tökum forystu með nýrri löggjöf gegn skattaskjólum



Gunnlaugur H. Jónsson
eðlisfræðingur með MBA

Panama-skjölin hafa vakið almenna umræðu um það tjón sem aflandsfélög og önnur starfsemi í skattaskjólum veldur vestrænum samfélögum, öllum almenningi og heiðarlegri atvinnustarfsemi. James Henry, fyrrverandi aðalhagfræðingur ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey og sérfræðingur í skattaskjólum, hefur nýlokið rannsókn sem sýnir að fjármunir í skattaskjólum nema 21 til 32 þúsund milljörðum dollara. Þessir fjármunir eru meiri en þjóðarframleiðsla Bandaríkjanna og 1.000 til 1.500 sinnum meiri en þjóðarframleiðsla Íslands. Þessi hegðun er það algeng og yfirþyrmandi að hún hefur veruleg áhrif á misskiptingu auðs í heiminum og fylgifiskurinn skattaundanskot verður til þess að almenningur og almennur atvinnurekstur þarf að greiða mun hærri skatta en ella. Samkeppnistaða fyrirtækja skekkist.

> **Ísland þarf að taka frumkvæði í baráttunni við aflandsfélög enda munum við eiga heimsmet í fjölda aflandsfélaga miðað við fólksfjölda. Ekki heimsmet sem við viljum halda í.**

**Hvað eru önnur lönd að gera til þess að berjast gegn skattaskjólum?**

Breska fjármálaráðuneytið er að undirbúa löggjöf sem skyldar breskar aflandseyjar til að upplýsa um nöfnin bak við aflandsfélög á fjölda breskra aflandseyja svo sem á Mön, Ermarsundseyjum og Bresku Jómfrúaeyjum. Svíar ætla að efla sína skattrannsóknadeild til þess að rannsaka af krafti eigendur aflandsfélaga. Ástralía hefur lagt til að 28 auðugustu ríki heimsins stofni rannsóknarhópa til þess að rannsaka Panama-skjölin með það að markmiði að lögsækja þá sem brjóta skattalög.

**Hvað á Ísland að gera?**

Að undanförnu hefur mér verið hugsað til þeirra fjármuna sem eru að streyma úr slitabúum íslensku bankanna til kröfuhafa í skattaskjólum og komist að þeirri niðurstöðu að Ísland þarf að taka frumkvæði í baráttunni við aflandsfélög enda munum við eiga heimsmet í fjölda aflandsfélaga miðað við fólksfjölda. Ekki heimsmet sem við viljum halda í. Til þess að vinda ofan af þessari þróun þurfum við að smíða öflugra vopn en við nú ráðum yfir. Fyrirmyndina má finna í lögum nr. 60 frá árinu 2015 um stöðugleikaskatt sem fjármálaráðherra fékk samþykkt á yfirstandandi þingi. Alþingi þarf að samþykkja ný lög sem innifela efnislega m.a. þessar greinar.

**Lög um sérstakan skatt á félög í skattaskjólum**

*1. gr. Markmið og ráðstöfun.*

Markmið laga þessara er að stuðla að losun fjármagnshafta með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi. Í því skyni er mælt fyrir um skattlagningu sem ætlað er að mæta neikvæðum áhrifum af starfsemi aflandsfélaga og meðfylgjandi skattaundanskotum.

Þeir fjármunir sem falla til við skattlagningu samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð og skal ráðstöfun fjárins samrýmast markmiðum um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.

- *2. gr. Skattskyldir aðilar.*
  Skylda til að greiða skatt, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á lögaðilum sem skráðir eru í skattaskjólum, samanber lista OECD yfir skattaskjól.
- *3. gr. Skattstofn.*
  Til skattstofns teljast:
  A. Heildarkröfur skattskylds aðila 31. desember 2015 hjá lögaðilum sem áður störfuðu sem viðskiptabankar eða sparisjóðir, sbr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og sæta slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, eða hafa lokið slitameðferð, sbr. 103. gr. a sömu laga.
  B. Allar aðrar greiðslur til lögaðila sem skráðir eru í skattaskjólum.
- *4. gr. Skatthlutfall.*
  Skatturinn skal nema er 39% af heildareignum skv. 3. gr. A lið og 39% af greiðslum til skattskylds aðila skv. 3. gr. B lið.
- *5. gr. Innheimta*
  a) Slitabú gömlu bankanna skulu halda eftir og greiða skattinn af greiðslum upp í samþykktar kröfur lögaðila í skattaskjólum í búin samanber 3. gr. A.
  b) Allir íslenskir lögaðilar sem greiða lögaðilum í skattaskjólum skulu halda eftir skatti af greiðslunni óháð eðli greiðslunnar sbr. 3. gr. B.
- *6. gr. Gildistaka.*
  Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Lokaorð**

Með því að skattleggja allar greiðslur til lögaðila í skattaskjólum mun Ísland leggja sitt af mörkum til þess að ráðast að einni af rótum skattsvika og misskiptingar auðs. Stofnun félaga í skattaskjólum byggir fremur á andfélagslegri hegðun og græðgi en nýsköpun eða framboði á betri vörum og þjónustu.




OPIÐ HÚS Í DAG
miðvikudaginn 15 júní kl.17:00-17:30


Bókaðu skoðun:
Davíð Jónsson
sölufulltrúi
sími: 697 3080
david@miklaborg.is


Ásgrímur Ásmundsson
löggiltur fasteignasali
sími: 865 4120
asgrimur@miklaborg.is

Nýleg og fallega innréttuð 125,6 fm 4ra herbergja íbúð á 5. hæð
Sérlega glæsilegt og viðhaldslétt fjölbýli
Útsýni og staðsetning íbúðarinnar er í algerum sérflokki
Verð: 63,5 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -





OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 15. júní kl.17:00-17:30


Bókaðu skoðun:
Páll Þórólfsson
aðstoðm. fast.
sími: 893 9929
pall@miklaborg.is


Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Falleg, björt og vel skipulögð 137,7 fm íbúð á 3.hæð (efstu) að meðtalinni 6,7 fm sér geymslu í kjallara
4 svefnherbergi
Aukin lofthæð er í íbúðinni
Sér stæði í bílageymslu fylgir
Útsýni !
Verð: 55,0 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


# Það vantar lyfjatækna á Landspítala



Inga J. Arnardóttir
yfirlyfjafræðingur sjúkrahúsapóteks Landspítala



Á ársfundi Landspítala eru árlega heiðraðir starfsmenn sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í starfi og þeir sem hafa sýnt sérstaklega lofsvert framtak til starfseminnar. Í flestum tilfellum eru það einstaklingar sem fá slíka viðurkenningu en hópar eru líka heiðraðir. Þessar heiðranir byggja á tilnefningum frá samstarfsfólki og stjórnendum. Í ár bárust yfir 300 tilnefningar og hafa þær aldrei verið fleiri. Í ár voru lyfjatæknar sem starfa í sjúkrahúsapóteki Landspítalans heiðraðir. Í tilnefningunum kom fram að lyfjatæknum í apótekinu hafi tekist einstaklega vel upp að þjónusta spítalann. Þá hafi þeim einnig tekist að halda uppi léttum starfsanda þar sem umhyggja og virðing er höfð í heiðri. Sem yfirlyfjafræðingur apóteksins er ég afskaplega stolt af þeim.

**Lykilhlutverk í bættu öryggi sjúklinga**

Við sem vinnum í apótekinu vitum nákvæmlega hve mikilvæg störf lyfjatækna eru fyrir öryggi sjúklinga. Í sjúkrahúsapóteki Landspítala starfa um þrjátíu lyfjatæknar við fjölbreytt og sérhæfð verkefni. Lyfjatæknar sjá að mestu leyti um innkaup, pantanir og vörumóttöku lyfja fyrir allan spítalann. Lyfjakostnaður Landspítalans bæði á legudeildum og dag- og göngudeildum eru rúmir 4 milljarðar króna á ári, þetta er því mikil ábyrgð. Dreifing lyfja til allra deilda spítalans fer í gegnum sjúkrahúsapótekið. Lyfjatæknar annast einnig sérhæfða birgðastýringu fyrir um 20 deildir á spítalanum og lyfjaskömmtun fyrir sjúklinga á jafn mörgum deildum.

Á Landspítala er líka starfandi apótek sem afgreiðir lyf samkvæmt lyfseðli eins og önnur apótek en þó frábrugðið að því leyti að þaðan er afgreitt mikið af sjúkrahúslyfjum og lyfjum sem þurfa sérstaka undanþágu frá Lyfjastofnun. Nýjasta verkefni apóteksins er afgreiðsla og lyfjaumsýsla vegna meðferðarátaks gegn lifrarbólgu C en framkvæmdin á því er að mestu í höndum sjúkrahúslyfjatæknis. Síðast en ekki síst þá starfa lyfjatæknar í blöndunareiningu apóteksins. Þar fer fram mjög sérhæfð blöndun lyfja með smitgát, m.a. blöndun einstaklingsmiðaðrar næringar í æð og krabbameinslyfja. Þegar ofangreind upptalning er skoðuð sést hvað störf lyfjatækna á Landspítala eru fjölbreytt enda er stór hluti af umsýslu lyfja á Landspítala í höndum þeirra.

> **Það er verulegt áhyggjuefni ef þetta nám verður fellt niður, ekki bara fyrir spítalann heldur líka fyrir apótekin. Þetta er þó alls ekki eina stéttin í heilbrigðiskerfinu þar sem meðalaldur hækkar og nýliðun gengur of hægt.**

**Framtíð lyfjatæknanáms óviss**

Því miður þá hefur það heyrst nokkrum sinnum undanfarin misseri að hugsanlega verði námsbraut í lyfjatækni Heilbrigðisskólans lögð niður vegna lítillar aðsóknar. Það væri mikill skaði, því vonir hafa staðið til þess að taka inn nýjan hóp í námskrá fyrir sjúkrahúslyfjatækni um næstu áramót. Í gegnum árin hefur apótek Landspítala notið þess að taka töluverðan hóp lyfjatæknanema í starfsnám. Undanfarin misseri hefur þeim fækkað verulega og viðbrögð við auglýsingum eftir lyfjatæknum hafa verið dræm. Það er verulegt áhyggjuefni ef þetta nám verður fellt niður, ekki bara fyrir spítalann heldur líka fyrir apótekin. Þetta er þó alls ekki eina stéttin í heilbrigðiskerfinu þar sem meðalaldur hækkar og nýliðun gengur of hægt.

Ég óska lyfjatæknum Landspítala til hamingju með viðurkenninguna sem þeir fengu á ársfundi spítalans sem þeir eiga svo sannarlega skilið. Það er mjög gefandi og skemmtilegt að vinna á Landspítala því þar gefast tækifæri til fjölbreyttra starfa, starfsþróunar og faglegs umhverfis. Landspítala vantar fleiri lyfjatækna til að geta tryggt betur öryggi sjúklinga með aukinni þjónustu við deildir spítalans og nýliðun stéttarinnar. Ég hvet alla þá sem eru að íhuga nám að skoða lyfjatæknabraut Heilbrigðisskólans.




MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. júní 2016

24. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



# Andrúmsloftið súrara í Evrópu

Bandaríski hagfræðingurinn James Galbraith var efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra Grikkja. Hann gagnrýnir forystumenn Evrópusambandsins harðlega og segir bankamenn í Bandaríkjunum ekki sæta þeirri ábyrgð sem þeir ættu að sæta vegna efnahagsbrota.



»2
**Þjófnaður eykst**
Sérfræðingur í gagnaöryggi segir að íslensk fyrirtæki þurfi að gera meira til að verja sig gegn gagnaleka og gagnaþjófnaði.



»6
**Hætta á atvinnuleysi**
Alþjóðahagfræðingurinn Lars Christensen óttast að atvinnuleysi í Bandaríkjunum muni aukast, verði ekkert að gert.

»8
**Stemning í Frakklandi**
Stjórnarmaðurinn skrifar um áhuga Íslendinga á EM í knattspyrnu og möguleika íslenska landsliðsins á að ná árangri þar.



# SKJÓÐAN

## Smjörklípa aldarinnar

**PANAMA-SKJÖLIN KOMU** fram í sviðsljósið með miklum hvelli. Forsætisráðherra neyddist til að segja af sér embætti. Einhvern veginn hefur tveimur öðrum ráðherrum, sem tengdust Panama-félögum, tekist að sitja áfram í sínum stólum, sennilega mest fyrir þá sök að hafa ekki sýnt af sér þá furðuframkomu sem fyrrverandi forsætisráðherra sýndi. Ekkert hefur heldur fram komið sem bendlar fjármála- og innanríkisráðherra eða maka þeirra við kröfuhafa í gömlu bankana.

**TVEIR LÍFEYRISSJÓÐASTJÓRAR** máttu yfirgefa sviðið vegna Panama-félaga. Einn borgarfulltrúi sagði af sér og gjaldkeri stjórnmálaflokks, sem raunar virðist ekki hafa verið í Panama-skjölunum heldur átt sín félög annars staðar. Nokkrir útrásarvíkingar reyndust vera með Panama-félög en engar nýjar fréttir voru í því, nema þá að furðu vekur að ekki skuli fleiri þekktir útrásarvíkingar vera þarna á blaði.

**BOÐAÐ VAR AÐ** flett yrði ofan af aflandsfélögum fyrirtækja og einstaklinga úr íslenskum sjávarútvegi. Leið og beið og eftirvæntingin óx. Þær litlu upplýsingar sem fram komu virtust óspennandi.

**ÞVÍ NÆST VAR BEÐIÐ** eftir 9. maí. Þá átti að opna lungann af Panama-skjölunum fyrir allan almenning á netinu. Þar hlyti eitthvað bitastætt að koma fram.

**Í MILLITÍÐINNI** komst forseti Íslands að þeirri niðurstöðu að óvissan í íslenskum stjórnmálum væri svo þrúgandi að hann yrði að fórna sér og bjóða sig fram til að gegna embættinu enn eitt kjörtímabilið. Á útlendri sjónvarpsstöð var hann spurður hvort hann, eiginkona hans og fjölskylda tengdust aflandsfélögum í skattaskjólum. Hann sagði nei og aftur nei og svo aftur og aftur. Hið gagnstæða kom í ljós. Fylgi forsetans hrundi dagana fram til 9. maí. Sunnudaginn 8. maí mætti síðan Davíð Oddsson á Bylgjuna og lýsti yfir framboði sínu til forseta.

**FLESTUM VAR LJÓST** að Davíð ætti ekki minnstu möguleika á að ná kjöri. Undanfarin ár hefur hann í boði stórútgerðarinnar hamast við að endurskrifa söguna sér í hag á síðum Morgunblaðsins án merkjanlegs árangurs.

**FRAMBOÐ HANS** þjónar hins vegar tvíþættum tilgangi. Forsetinn með tengslin við Panama-félög gat dregið sig í hlé og umræðan hefur snúist um framboð Davíðs og túlkun hans á ferli þess frambjóðanda sem hefur yfirburðafylgi í skoðanakönnunum.

**PANAMA-SKJÖLIN** hafa ekki verið rædd frá því Davíð bauð sig fram. Framboð hans er smjörklípa aldarinnar. Kannski hugsaði hann þetta ekki að öllu leyti sem smjörklípu. Verið getur að hann hafi haldið að hann ætti séns. Bakhjarlar hans vita hins vegar hvað þeir syngja. Það er kaldhæðnislegt að höfundur smjörklípunnar í íslenskum stjórnmálum skuli enda feril sinn sem einn allsherjar smjörklípa fyrir íslenska Panama-greifa.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Anton Brink**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.




Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...



Gagnaþjófnaður er að verða sífellt algengari í heiminum. Öryggisráðgjafi segir fyrirtæki þurfa að gera meira til að verja sig. NORDICPHOTOS/AFP

# Gagnaþjófnaður hefur aukist á örfáum árum

Öryggisráðgjafi segir að íslensk fyrirtæki þurfi að gera meira til að verja sig gegn gagnaleka. Dæmi um starfsmenn fyrirtækja sem dreifa gögnum fyrir peninga.

Íslensk fyrirtæki eru berskjölduð gagnvart gagnaþjófnaði, segir Sverrir Þór Hákonarson, öryggisráðgjafi hjá Advania. „Eftir því sem við höfum heyrt eru það bara einstaka fyrirtæki sem hafa einhverja viðbragðsáætlun,“ segir Sverrir. Hann segir að þarna verði að bæta úr. Hann segir að það sé ekki spurning um hvort fyrirtæki lendi í gagnaleka heldur sé það fremur tímaspursmál. „Fjöldi starfsmanna sem vinnur með rafræn gögn eykst og það verður líka sífellt auðveldara að dreifa gögnum,“ segir hann.

Þá segir hann að lagaumhverfið vegna gagnaleka sé ekki nógu gott, jafnvel þótt nokkrir lögfræðingar hafi verið að skoða það. „Ég held að það sé alveg klárt mál að lögin þarfnast endurskoðunar í kringum þessa hluti. Og ég held að það sé í mjög mörgum löndum að lög í kringum þessa hluti eru dálítið gömul og hafa ekki þróast með aukinni tækni,“ segir hann. Tæknin breytist hratt, en lögin sem miðað sé við séu jafnvel áratuga gömul.

> **Eftir því sem við höfum heyrt eru það bara einstaka fyrirtæki sem hafa einhverja viðbragðsáætlun.**
>
> Sverrir Þór Hákonarson

Sverrir Þór segir að gagnaþjófnaður hafi aukist mjög mikið á undanförnu. Máli sínu til stuðnings bendir hann á tölur sem rannsóknarfyrirtækið Forrester hefur tekið saman. Sverrir telur líklegt að þær tölur eigi líka við um Ísland, jafnvel þótt það sé einhver munur milli landa. Tölurnar sýna að í dag eru um 58 prósent gagnalekamála tengd mistökum starfsmanna, töpuðum tölvum og svo framvegis. Fyrir sjö til átta árum hafi þetta hlutfall verið hátt í 90 prósent. Hlutföllin hafi breyst vegna aukins gagnaþjófnaðar. Sverrir segir gagnaþjófnað reyndar oft tengdan starfsmönnum líka. Það sé miklu auðveldara fyrir tölvuþrjóta að verða sér úti um einhvern starfsmann innanhúss heldur en að hakka sig inn í öflug tölvukerfi. Starfsmenn hafa oft verið gómaðir í því að taka peninga fyrir að selja aðgang að upplýsingum,“ segir hann.

Sverrir telur að starfsmenn gerist sekir um þetta hér heima alveg eins og erlendis. „Það er alveg pottþétt að það hefur líka gerst hér heima. Við vitum að starfsmenn hér heima á Íslandi hafa verið að selja Microsoft-lykla,“ segir hann. En í slíkum tilfellum láta starfsmennirnir utanaðkomandi aðilum í té aðgangslykla að hugbúnaði, til dæmis Office-pakkanum, fyrir peninga. „Gagnaöryggishugbúnaður hefur komið upp um þannig atvik á Íslandi,“ segir Sverrir. **jonhakon@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

**40%**

**hækkun** hefur orðið á fasteignamati atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu á fimm árum, samkvæmt samantekt Félags atvinnurekenda. Flest sveitarfélög innheimta þó sömu prósentu í fasteignaskatt.

**2%**

**lækkun** varð á FTSE 100 úrvalsvísitölunni í London í gær. Vísitalan stendur nú í 5.923 stigum og er það í fyrsta sinn sem hún fer niður fyrir 6.000 síðan í febrúar. Úrvalsvísitalan í Frakklandi og Þýskalandi lækkaði líka.

**1,8%**

**verður ársverðbólgan** í júní, samkvæmt spá greiningardeildar Arion banka sem birt var í gær. Ársverðbólgan í maí var 1,7 prósent. Samkvæmt spá greiningardeildarinnar mun ársverðbólgan hækka í 2,2% í september.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 15. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fiskafli í maí 2016

**Fimmtudagur 16. júní**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Mánudagur 20. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí 2016
- Samræmd vísitala neysluverðs í maí 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 22. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Mánaðarleg launavísitala í maí 2016
- Vísitala kaupmáttar launa í maí 2016
- Vinnumarkaður í maí 2016

**Fimmtudagur 23.júní**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Mánudagur 27. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Kjötframleiðsla í maí 2016.

**Þriðjudagur 28. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala neysluverðs í júní 2016

**Miðvikudagur 29. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

**Fimmtudagur 30. júní**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Verðmæti sjávarafla í janúar-mars.

HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030

**Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga**




WiFi þráðlaus dyrabjalla
Verð 29.000
Dyrabjalla sem tengist snjallsíma Video, tal og hreyfiskynjari

Bluetooth heyrnatól
Verð 6.900
Noise Reduction, þráðlaus, handfrjáls, innbyggður míkrófónn

Kingston 64GB Microkort
Verð 6.900
Hraðaflokkur 10, með adapter

Ferðahleðsla 20000mAh
Verð 5.900
2 falt USB 20000mAh Hleðsla örþunnur hleðslubanki

Sími / Snjallúr bluetooth
Verð 8.900
Gsm sími, Sport snjallúr með bluetooth og snertiskjá



Chippendale stofuskápur - verð 379.000
Tilboð 312.000
eða 27.315 kr á mánuði
Stærð 180 x 64 sm - h. 225 sm

Coltrain sófasett - verð 547.000
Tilboð 398.000
eða 34.733 kr á mánuði
Sófi 230 - stóll 104 x 100 sm h. 95 sm

French Curio - verð 165.000
Tilboð 107.250
eða 9.655 kr á mánuði
Stærð 70 x 40 sm - h. 190 sm



Sjónvarpsskápur - verð 172.000
Tilboð 137.000
eða 12.221 kr á mánuði
Stærð 175 x 50 sm - h. 60 sm

Sófaborð með skúffur - verð 93.000
Tilboð 67.000
eða 6.184 kr á mánuði
Stærð 110 x 60 sm - h. 53 sm

Sjónvarpsskápur - verð 124.000
Tilboð 105.000
eða 9.461 kr á mánuði
Stærð 130 x 45 sm - h. 60 sm

Innskotsborð - verð 57.000
Tilboð 48.000
eða 4.545 kr á mánuði
Stærð 60 x 45 sm - h. 60 sm



Carrera lyftistóll - verð 159.000
Áklæði - tilboð 119.000
eða 10.669 kr á mánuði
Stærð 82,5 x 96 sm - h. 109 sm

Rubelli hægindastóll - verð 139.000
Ekta leður - tilboð 99.000
eða 8.944 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm

Rubelli hægindastóll - verð 89.000
Áklæði - tilboð 69.000
eða 6.356 kr á mánuði
Stærð 82 x 90 sm - h. 105 sm

Sheraton stóll - verð 48.000
Tilboð 39.000
eða 3.769 kr á mánuði
Stærð 50 x 47 sm - h. 100 sm

Chippendale stóll - verð 49.000
Tilboð 39.000
eða 3.769 kr á mánuði
Stærð 55 x 45 sm - h. 105 sm

**12 mán. vaxtalaust** - Upphæðir miðast við raðgreiðslur með kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald

# www.husgagnabankinn.is



James K. Galbraith er mjög gagnrýninn á Evrópusambandið og telur hættu á að það gliðni í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grikkjum fórnað svo aðrir lærðu lexíu

**Efnahagsráðgjafi fyrrverandi fjármálaráðherra Grikklands segir líkur á því að Evrópusambandið gliðni í sundur. Alls staðar sé hver höndin upp á móti annarri. Hann segir að Bandaríkjamenn hefðu átt að sækja fleiri til saka í kjölfar kreppunnar 2007 og 2008.**

Hagfræðingurinn James Galbraith var efnahagsráðgjafi Yanis Varoufakis þegar hann var fjármálaráðherra grísku ríkisstjórnarinnar á fyrri helmingi ársins 2015. Hann starfar nú við Háskólann í Austin í Texas og hefur skrifað bókina Velkomin í hinn eitraða kaleik, sem fjallar um ástandið í Grikklandi. Galbraith segir stöðuna í Grikklandi vera mjög niðurdrepandi. Þar séu ríkiseignir og einkaeignir seldar á brunaútsölum, fyrirtæki séu knúin í gjaldþrot og verulega þrengt að almenningi.

„Þú ert með ríkisstjórn sem er bara að hrinda í framkvæmd ákvörðunum sem kröfuhafar hafa tekið, ákvörðunum sem hafa verið teknar af æðstu ráðamönnum Evrópusambandsins, ráðamönnum í Þýskalandi og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum,“ segir Galbraith. Hann segir að til þess að finna varanlega lausn á málum Grikkja verði að eiga sér stað stefnubreyting hjá Evrópusambandinu. „Eina leiðin til að það geti gerst er að breyting verði á afstöðu aðildarríkjanna,“ segir Galbraith en bætir því við að það sé mjög óljóst á þessum tíma hvaða stefna verði tekin.

**Ráðaleysi innan ESB**

Galbraith segir stofnanir Evrópusambandsins og stjórn þess vera veika og því sé líklegra að Evrópusambandið gliðni í sundur en að þar verði uppbygging. „Núverandi staða gengur ekki upp til lengdar. Það er andstaða alls staðar,“ segir Galbraith. En hann segir að næstu skref muni ráðast af niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Bretlandi, sem fram fer 23. júní. „Svo held ég að þróun stjórnmála í Frakklandi muni skipta máli. Forsetakosningarnar þar munu augljóslega hafa áhrif. Kosningarnar á Spáni í júní gætu haft einhver áhrif. Svo er spurningin með þróun mála annars staðar,“ segir Galbraith. Hann bendir á að fleiri atriði skipti máli fyrir þróun Evrópusambandsins. Til dæmis hafi Finnland nýlega gengið inn í evrusamstarfið en sé í vandræðum í framhaldinu. „Öll vandamál sem koma upp munu hafa áhrif á þróun mála,“ segir Galbraith. Það snúist ekki bara um efnahagsmál heldur muni til dæmis flóttamannamálin skipta máli fyrir þróun ESB.

> **Ég get ekki ímyndað mér ástæður þess að menn vilja ekki saksækja stjórnendur banka sem tóku virkan þátt í því að þvo peninga fyrir fíkniefnasmyglhringi.**

Hagfræðingurinn treystir sér ekki til að spá fyrir um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Bretlandi. „En ef niðurstaðan verður sú að Bretland á að fara úr Evrópusambandinu munu afleiðingarnar koma í ljós yfir tíma. Það verða samningaviðræður í framhaldinu,“ segir hann. Hann segir að það verði þó nokkrar mjög dramatískar breytingar. Til dæmis verði tekin upp landamæri aftur milli Bretlands og Írlands. „Þetta eru afleiðingar sem fólk er ekki að hugsa mikið um,“ segir hann.

Hann segir að niðurstaðan geti haft veruleg áhrif á Evrópusambandið en líka fyrir Bretland. „Skotar munu greiða atkvæði með áframhaldandi aðild. Ef Englendingar greiða atkvæði með úrsögn þá er þetta farið að snúast um framtíð breska konungsveldisins. Öll framtíð Bretlands er að veði,“ segir hann og bætir því við að bæði Evrópusambandið og Bretland gætu hreinlega liðast í sundur. „Ég veit ekki að hve miklu leyti atburðarásin í Grikklandi hefur haft áhrif á þær aðstæður sem eru komnar upp í Bretlandi. En andrúmsloftið í allri Evrópu hefur súrnað eftir að það hefur orðið almennt viðurkennt að Grikkjum var fórnað svo hægt væri að kenna öðrum þjóðum lexíu; Portúgölum, Spánverjum, Írum og Frökkum. Fólk bregst illa við því sem er mjög eðlilegt,“ segir Galbraith.

**Vill lýðræðislegra ESB**

Galbraith segir að Grikkir hafi haft rétt fyrir sér og verið með raunhæfar áætlanir í efnahagsmálum. „Þeir voru raunsæir og báðu um raunsæ viðbrögð frá Evrópusambandinu. En þeir fengu einfaldlega höfnun. Grikkir mættu algjörri þrjósku og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Seðlabanki Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn höfnuðu öllum tilboðum um samkomulag. Líka fjármálaráðherrar evruríkjanna. Öllum dyrum var lokað á Grikki,“ segir hann.

Galbraith segir að til þess að ásættanlegri árangur geti náðst þurfi að koma til þrýstingur víðar að en frá grísku ríkisstjórninni. Það þarf að koma meiri þrýstingur frá Grikkjum sjálfum en líka annars staðar frá úr Evrópu. „Það er það sem Yanis Varoufakis er að reyna að gera með hreyfingunni Democracy in Europe,“ segir Galbraith. En þessa umræddu hreyfingu stofnaði Varoufakis til að auka lýðræðið í Evrópusambandinu. „Hann er að reyna að sameina öfl í Evrópu og sannfæra þau öfl um að það þurfi að grípa til aðgerða til þess að gera breytingar í Evrópusambandinu.“

**Fylgdist með atburðum hér**

Líkt og margir aðrir hagfræðingar fylgdist Galbraith með þeim efnahagslega hamförum sem áttu sér stað hér. Hann segist þó ekki vilja tjá sig mikið um það sem gerðist.

„Ég hef sem hagfræðingur eina reglu og ég veit að hún er óvenjuleg á meðal hagfræðinga. En það er að reyna að ráðleggja ekki í löndum þar sem ég hef dvalið í minna en 48 klukkustundir,“ segir Galbraith.

Hann hafi þó fylgst mjög vel með hér. „Á hápunkti kreppunnar leit þetta auðvitað þannig út að Ísland myndi einfaldlega hverfa. Að það sem gerðist í Grikklandi myndi líka gerast hér,“ segir hann og bætir við að það hafi verið gæfa Íslendinga að hafa ekki tekið á sig erlendar skuldir fjármálafyrirtækja. Það, sjálfstæður gjaldmiðill sem lækkaði í verði og fjármagnshöft hafi verið grunnurinn að því að ná efnahagslegum stöðugleika að nýju.

„Það var líka mikilvægt að lögsækja bankamennina. Þegar bankamenn fremja glæpi ætti að gilda sömu lög um þá og aðra. Þetta er eitthvað sem var ekki gert í Bandaríkjunum í kjölfar þessarar kreppu. Að því leytinu til er Ísland mikilvægt fordæmi fyrir alla,“ segir hann.

Galbraith hefur verið ákaflega gagnrýninn á það hvernig Bandaríkjamenn tóku á efnahagssamdrættinum 2007-2008. Hann segir það hafa verið afar neikvætt að fjármálastofnunum sem voru í vanda þar í landi hafi verið bjargað með því að aðrar fjármálastofnanir gleyptu þær veikbyggðari. Margar af spilltustu fjármálastofnunum landsins hafi runnið inn í stærstu fjármálastofnanirnar. Og fjármálakerfið sé enn samanþjappaðra en það var áður.

„Þetta er stórt pólitískt mál og það var stór hluti af málflutningi Bernie Sanders, að það ætti að brjóta upp þessar fjármálastofnanir.“

Þá segir Galbraith að það sé algjör skortur á því að menn hafi verið látnir sæta ábyrgð. „Ólíkt því sem gerðist í „Savings and loan“ krísunni þegar við höfðum virkt réttarkerfi og svikarar þurftu að gjalda fyrir gjörðir sínar. Menn voru saksóttir,“ segir Galbraith. Efnahagsbrotin sem hafi verið framin í aðdraganda að samdrættinum 2007 og 2008 hafi verið stærri en í Savings & loan krísunni, á níunda og tíunda áratugnum, en samt hafi menn ekki verið dregnir til ábyrgðar. „Það var eins og réttarkerfið í heild sinni og ríkisstjórn Obama tækju allir að sér hlutverk verjenda hvítflibbaglæpamannanna,“ segir hann.

Og hann segir að menn hafi áfram sýnt linkind vegna glæpa sem voru framdir eftir bankakreppuna. Þannig hafi stjórnendur HSBC-bankans ekki einungis þurft að svara til saka þegar upp komst að bankinn tók þátt í að þvætta peninga fyrir fíkniefnasmyglhring árið 2012. „Þetta er merki um djúpstæðan vanda,“ segir hann.

Aðspurður segist Galbraith ekki geta ímyndað sér ástæður þess að menn hafi ekki viljað saksækja stjórnendur HSBC vegna peningaþvættismálsins. „Ég get ekki ímyndað mér ástæður þess að menn vilja ekki saksækja stjórnendur banka sem tóku virkan þátt í því að þvætta peninga fyrir fíkniefnasmyglhringi.

En þegar kemur að fjármálastofnunum sem léku stórt hlutverk í fjármálakreppunni þá blasir við sú staðreynd að þessar fjármálastofnanir eru helstu fjármögnunaraðilar stærstu persónanna í stjórnmálunum. Ekki bara forsetans heldur líka aðal keppinautar hans árið 2008, Hillary Clinton,“ segir Galbraith.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
15. JÚNÍ 2016 MIÐVIKUDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Í VÍKINGAFÖTUM Í TVO ÁRATUGI

Víkingahátíðin verður haldin í 21. sinn við Fjörukrána í Hafnarfirði. Frá fimmtudegi til sunnudags munu hátt í þrjú hundruð víkingar berjast, syngja, sýna listir og selja víkingavarning. **Jóhannes Viðar Bjarnason** lætur sig ekki vanta frekar en fyrri daginn. Hann er líklega sá Íslendingur sem hefur klæðst víkingafötum sem lengst, vinnu sinnar vegna.















**Bræður munu berjast og vígvöllurinn fyllist af öskrum og sverðaglamri.** MYND/FJÖRUKRÁIN



**Fjöllistamenn sýna listir sínar.**



**Tónlistarmenn koma víða að.**

Jóhannes Viðar Bjarnason, veitingamaður á Fjörukránni, er upphafsmaður hátíðarinnar og hefur haldið utan um skipulagningu hennar frá upphafi. „Þetta er 21. hátíðin sem við höldum og ég á von á 200 til 300 víkingum, þar af um 70 erlendum, sem munu spóka sig á hátíðinni,“ segir Jóhannes en töluverð þróun hefur orðið á hátíðinni þessa tvo áratugi.

„Fyrstu árin þurfti að leggja út í töluverðan kostnað enda þurfti að bjóða til landsins flestum þeim víkingum sem tóku þátt. Síðan þá hefur áhugi Íslendinga á víkingasiðum aukist mjög og í dag má finna um 200 íslenska víkinga á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Jóhannes. Íslenskir víkingar sjá því um að manna stærstan hluta hátíðarinnar en þeir erlendu koma hingað af einskærum áhuga á hátíðinni og íslenskri menningu en Jóhannes segir suma þeirra hafa komið hingað hvert einasta ár. „Einnig býð ég hingað nokkrum erlendum víkingum sem eru listamenn á sínu sviði, bæði söngvurum og hljóðfæraleikurum.“

Jóhannes segir gæta vaxandi áhuga á víkingahefðum um allan heim. „Það eru tugir þúsunda víkinga um allan heim og víkingahátíðir haldnar víða.“

## KLÆÐIST HÖFÐINGJABÚNINGI

Hann segir víkinga leggja mikinn metnað í búninga og föt en sjálfur segir hann fáa Íslendinga hafa klæðst víkingafötum oftar en hann sjálfur. „Ég hef gengið nánast daglega í víkingafötum síðustu tvo áratugi. Þó er ég aðeins farinn að letjast að vera í þeim á hverjum degi,“ segir Jóhannes sem fékk afar góða gjöf frá vinum sínum í víkingafélaginu Rimmugýgi á síðasta ári í tilefni af 25 ára afmæli



**Gaman er að sjá víkinga að störfum.**



**Víkingalist fær sinn sess.**

Fjörukráarinnar. „Þeim fannst kominn tími til að ég skipti út vinnulörfunum mínum og fengi almennileg höfðingjaföt sem hæfðu mér,“ segir Jóhannes sem einnig á forláta víkingasverð. „Víkingar halda mikið upp á sverðin sín og tóku þau með sér í rekkju hér fyrr á öldum. Ég á eitt fallegasta sverð sem til er á Íslandi og þó víðar væri leitað,“ segir hann og bætir glettinn við að riddararnir í Game of Thrones eigi ekki einu sinni svo flott sverð. „Það var enskur víkingur sem smíðaði sverðið og járnsmiðum þykir gaman að skoða þetta listaverk.“

## VON Á 10 ÞÚSUND GESTUM

Jóhannes á von á um tíu þúsund gestum þá daga sem hátíðin stendur yfir. Margt er í boði og mun meira en hægt er að telja upp í stuttu máli. Meðal þess má þó nefna hinn árlega markað þar sem fólk selur handverk og vörur sem tilheyra víkingatímanum. Þá má fylgjast með fjöllistamönnum, bardagasýningum, tónlistaratriðum og aflraunakeppni.

En hvað finnst Jóhannesi sjálfum skemmtilegast að fylgjast með? „Mannlífinu, og hvernig gestir okkar njóta verunnar. Þá finnst mér mjög skemmtilegt að sjá hve fjölskyldufólk er duglegt að mæta enda ýmislegt skemmtilegt í boði fyrir börnin, til dæmis verðum við með Víkingaskóla barnanna þar sem þau geta lært að verða víkingar.“

**Hátíðin fer fram á svæðinu í kringum Fjörukrána. Hún hefst fimmtudaginn 16. júní klukkan 13 og stendur til sunnudagsins 19. júní.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429






## Atak Apart

Alanya - Tyrklandi

Atak Apart er staðsett í Alanya á tyrknesku Rívíerunni en mörgum finnst þetta vera hin fullkomna paradís fyrir sumarfríið. Samblanda af fallegum ströndum, líflegu hafnarsvæði, verslunarmöguleikum, yndislegri náttúru og heillandi sögu laðar að þúsundir ferðamanna hvert einasta sumar.

| | |
|---|---|
| ✈ 15.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 29 599,- |
| ✈ 29.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 35 599,- |
| ✈ 6.júlí 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 59 599,- |



## Pegasos World

Side - Tyrklandi

Vinsælasta hótel Nazars! Hér færðu risastóran vatnsskemmtigarð, stærstu sundlaug Miðjarðarhafsins sem er 10 000 m², gyllta strönd, nýuppgerð herbergi fyrir allt að fimm manns, bragðgott „allt innifalið" prógram og Nazars eigin barnaklúbba – og allt er þetta innifalið í verðinu!

| | |
|---|---|
| ✈ 15.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 99 599,- |
| ✈ 29.júní 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 99 599,- |
| ✈ 6.júlí 2016 frá Keflavík | Allt innifalið í viku frá 105 599,- |

*Ekki bíða með að bóka - takmarkaður fjöldi sæta!*

World of TUI

allan sólarhringinn: **nazar.is** persónuleg þjónusta: **519 2777**

**nazar**

Partner First Platinum

Opin Kerfi

intel CORE m5 inside

## Elite x2

# Hönnuð fyrir fyrirtækjaumhverfi, dýrkuð af notendum.

HP Elite x2 2012 knúin áfram með Intel® Core™ m5 örgjörva sem uppfyllir flestar kröfur fyrir fyrirtækjaumhverfi hvað varðar eiginleika og afköst.



### Stenst ströngustu öryggiskröfur

Öryggislausnir HP hjálpa til við að verja gögn fólks á ferðinni og jafnvel áður en vélin er ræst.

### Auðvelt að þjónusta

Hönnun vélarinnar gerir það að verkum að auðvelt er að skipta út íhlutum ef þörf er á því.

### Meistaraleg hönnun

Falleg notendavæn hönnun og með frábæru lyklaborði.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/elite-x2.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

keep reinventing



### Lögfræði

**Dr. Rachael Lorna Johnstone**
brautarstjóri heimskautaréttar og prófessor við lagadeild HA

## Akademísku frelsi til varnar

Spurningunni um hvaða áhrif brot á alþjóðalögum hefur á réttindi ríkja, sem verða ekki með beinum hætti fyrir tjóni af slíku broti, hefur enn ekki verið fullkomlega svarað og verðskuldar athygli akademíunnar. Rök dr. Bjarna Más Magnússonar, lektors við lagadeild HR, um möguleika Kína til að stefna ríkjum til að verja sameiginlega arfleifð mannkyns á alþjóðlega hafsbotnssvæðinu, utan lögsögu ríkja, eru framsækin og tímabær. Nýleg umfjöllun Kastljóssins um meinta tilraunir til að letja Bjarna til að hverfa frá rannsókn sinni vekja ugg (Kastljós þann 23. maí).

**Rannsóknaniðurstöður Bjarna endurspegla mínar eigin niðurstöður.**

Einhverjum kann að þykja niðurstöður Bjarna umdeilanlegar en einungis þá í þeim skilningi að regluverkið á sviðinu sé enn í mótun og svigrúm er fyrir fræðimenn og ríki að deila um hver réttarstaðan sé. Röksemdafærsla Bjarna byggir á kenningu sem einkum var þróuð af ítalska fræðimanninum Giorgio Gaja, sem í dag er dómari við Alþjóðadómstólinn í Haag. Kenningin hefur nú fengið byr undir báða vængi í nýlegum dómsúrlausnum Alþjóðadómstólsins og hafsbotnsdeildar Alþjóðlega hafréttardómsins. Þar að auki kemur kenningin við sögu í yfirstandandi dómsmáli fyrir Alþjóðadómstólnum um skylduna til að leita samninga til að enda kjarnorkuvopnakapphlaupið og stuðla að kjarnorkuafvopnun.

Rannsóknaniðurstöður Bjarna endurspegla mínar eigin niðurstöður um rétt ríkja sem hafa ekki orðið fyrir beinu tjóni til að vernda umhverfi hafsins á norðurskautinu sem og annars staðar. Með tilliti til Kína, þá fjallaði ég um rétt Kína til að verja umhverfið á norðurskautinu á annarri Norrænu-kínversku norðurslóðaráðstefnunni, sem fram fór á Akureyri 2014. Auk þess hef ég fjallað um þessi mál í bók minni Offshore Oil and Gas Development in the Arctic under International Law: Risk and Responsibility (Brill, 2015) og í Yearbook of Polar Law.

Engu að síður, verðleikar röksemdafærslu Bjarna eru aukaatriði. Þrátt fyrir að rök Bjarna ættu sér enga stoð í fræðunum, ætti hann að njóta frelsis til að setja þær fram. Það er eitt að benda á að léleg gæði rannsókna geti haft neikvæð áhrif á starfsframa viðkomandi; það er annað að benda á að rannsókn sem stenst fyllilega akademískar kröfur, en samræmist ekki tilteknum pólitískum hugmyndum, hafi slík áhrif. Það er sérstakt áhyggjuefni ef slíkar ábendingar koma frá dómara, við einn af þekktari alþjóðlegu dómstólunum, sem vegna starfa sinna á að forðast afskipti af pólitískum málefnum.

## Starfsemi neðanjarðarlestanna úr skorðum



Starfsmenn neðanjarðarlesta í Madrid fóru í í gær verkfall til að mótmæla því að kjaraviðræður við stéttarfélag þeirra væru stöðvaðar. Verkfallið stendur yfir alla þessa viku og fjöldi fólks stendur ráðalaus á lestarstöðvunum. Mögulegt er að annað verkfall verði 20. til 24. júní næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stólaleikur á vinnumarkaði



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Nýlega var mánaðarleg vinnumarkaðsskýrsla fyrir Bandaríkin gefin út. Hún olli beiskum vonbrigðum.

Þannig jókst atvinna um aðeins 38 þúsund störf í maí. Búist hafði verið við aukningu um 162 þúsund störf, og það var jafnslæmt að atvinnutölurnar voru endurskoðaðar niður á við fyrir mars og apríl.

Segja má, á einfaldan hátt, að tveir þættir ákvarði síendurteknar sveiflur á bandarískum vinnumarkaði. Í fyrsta lagi eftirspurnarleitni í hagkerfinu og í öðru lagi þróun kostnaðar. Kostnaðarþróun ákvarðast af launahækkunum og framleiðniaukningu.

Bandaríski hagfræðingurinn og bloggarinn Scott Sumner kallar þetta stólaleiksmódelið. Í módeli Sumners fyrir bandaríska vinnumarkaðinn lítur hann á muninn á hækkun nafnlauna („kostnaður“) og hækkun á nafnvirði vergrar landsframleiðslu (eftirspurn). Það er skoðun Sumners að þegar launahækkanir eru umfram hækkun á nafnvirði vergrar landsframleiðslu muni atvinnuleysi aukast.

Ef við lítum á raunverulega þróun á bandarískum vinnumarkaði síðustu 20 ár sjáum við að stólaleiksmódelið hentar vel til þess að útskýra sveiflurnar á atvinnuleysi í Bandaríkjunum. Tökum 2008-9 sem dæmi. Nafnvirði vergrar landsframleiðslu hrundi þegar kreppan reið yfir, og þótt hægt hafi á launahækkunum hægði í fyrstu mun minna á launahækkunum en sem nam lækkuninni á nafnvirði vergrar landsframleiðslu.

Afleiðingin varð sú að atvinnuleysi rauk upp. En þegar Seðlabankinn hóf að slaka á peningamálastefnunni 2009-10 byrjaði eftirspurnin að ná sér á strik á meðan enn hægði á launahækkunum. Við þetta byrjaði atvinnuleysi í Bandaríkjunum að minnka og sú þróun hefur haldið áfram til dagsins í dag.

En undanfarið hefur orðið breyting. Seðlabankinn fór að herða peningamálastefnu sína – magnbundinni íhlutun er hætt, dollarinn hefur styrkst og stýrivextir hafa verið hækkaðir.

Afleiðingin er sú að hægt hefur á hækkun nafnvirðis vergrar landsframleiðslu, en á sama tíma hafa launahækkanir í Bandaríkjunum byrjað að aukast. Þetta er ekki stórbrotin breyting en það er enginn vafi á því hver tilhneigingin er og því ætti það ekki að koma á óvart að við erum nú farin að sjá merki um samdrátt á bandaríska vinnumarkaðnum. Reyndar gæti það komið sumum á óvart að þessi samdráttur skuli ekki hafa hafist fyrr en núna.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því sem við sjáum núna.

Í fyrsta lagi hefur peningamálastefnan verið hert meira en áður var búist við og því höfðu bandarískir atvinnurekendur og verkalýðsfélög gert bjartsýnislega kjarasamninga (miðað við raunverulega eftirspurnarþróun).

Í öðru lagi höfum við einnig séð tilhneigingu, bæði á einstökum stöðum og á landsvísu, til að hækka lágmarkslaunin.

Niðurstaðan er sú að til verði að koma hófsemi í launum eða að Seðlabankinn snúi við „aðhaldsstefnu“ sinni. Annars munum við fljótlega sjá atvinnuleysi í Bandaríkjunum aukast.

# Hlutdeild í spjörum og sólböðum



### Hin hliðin

**Kristín Hrefna Halldórsdóttir, viðskiptastjóri hjá Meniga**

Þegar sumarið hellist yfir Íslendinga lyftist brúnin á landanum. Sumarfríið er handan við hornið og það eru allir svo til í þetta. Ég dandalast reglulega inn í uppáhaldsfatabúðina mína en þegar sólin skín segi ég starfsfólkinu að ég fari ekkert annað því það sé algjörlega uppáhalds hjá mér. Ég væri meira að segja líklegri til þess að svara skoðanakönnunum í efstastigi á fimm punkta Likert-kvarða ef hringt væri í mig og ég beðin um að segja hversu traustur viðskiptavinur ég er hjá viðkomandi fatabúð. Það er hins vegar eitthvað sem ég geri aldrei á veturna. Svona akkúrat í sumarbyrjun þegar lífið er fullkomlega stútfullt af hamingju og dásemd er ekki nokkur leið til þess að vera neikvæður þó ég hafi nú stundum endað með sniðlausar kjólalufsur sem gera ekkert fyrir mig.

Spurningakönnun er því ekki óskeikul leið til þess að varpa ljósi á það hversu trygga viðskiptavini fatabúðin á. Til eru aðrar leiðir. Hlutdeild í veski (e. share of wallet) eða meðalhlutdeild í veski er aðferðafræði sem hefur ekki verið mikið notuð á Íslandi en hún lýsir meðalhlutfalli útgjalda sem fyrirtæki fær frá sínum viðskiptavinahópi. Meniga hefur hins vegar í nokkur ár notað þessa aðferðafræði til þess að lýsa tryggð og því hvernig viðskipti dreifast milli aðila á markaði.

Þannig sjáum við að Heimsferðir eiga tryggustu viðskiptavinina á ferðaskrifstofumarkaðnum síðustu 12 mánuði. Að meðaltali eru 85,4% af útgjöldum viðskiptavina Heimsferða á ferðamarkaðnum hjá þeim. Þeir ferðast mjög lítið með öðrum, í mesta lagi aðra leiðina til London á hræbillegum miða.

Á öðrum mörkuðum geta verið fleiri aðilar að bítast um krónurnar. Á fatamarkaðinum eru til að mynda miklu fleiri aðilar og kaupin dreifast að meðaltali víðar. Þá eru þeir sem kaupa föt í H&M sl. 12 mánuði að meðaltali með 25,5% af sínum fataútgjöldum hjá H&M.

Til grundvallar þessari greiningu eru 16 þúsund heimili sem nota hugbúnað Meniga á Íslandi. Færsluupplýsingar eru greindar til þess að draga fram sem besta mynd af kauphegðun Íslendinga. Öll vinnsla með færsluupplýsingar notenda Meniga er með öllu ópersónugreinanleg og einungis er unnið með samantekin gögn.


www.volkswagen.is
Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er augnablik sem varir að eilífu.
Volkswagen

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 15. júní 2016

**Íslenska úrvalsvísitalan**
1.777,68 - 9,95
(0,56%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Ísland og tölfræðin

**Sagt er að nú** séu allt að þrjátíu þúsund Íslendingar á ferð um Frakkland til að fylgja íslenska landsliðinu á Evrópumótið í knattspyrnu. Samkvæmt því er tíundi hver landsmaður á mótinu.

**Ferðir sem** þessar eru ekki ókeypis og gera má því skóna að Evrópumótið hafi í för með sér talsvert útstreymi gjaldeyris úr landinu. Þannig er hámarksúttekt í reiðufé á hvern ferðalang samkvæmt gjaldeyrislögum 350 þúsund krónur. Ef við miðum við þá upphæð má áætla að um tíu og hálfur milljarður króna streymi úr landi vegna mótsins.

**Seðlabankinn** hefur nú gripið til aðgerða af minna tilefni og því spurning hvort Már og félagar hafi í raun stutt íslenska liðið til dáða í undankeppninni? Væntanlega hafa þeir þó gert það í trausti þess að gott gengi íslenska liðsins skili sér í aukinni bjartsýni neytenda og auki áhuga á landi og þjóð með tilheyrandi gjaldeyristekjum.

**Ísland er** sömuleiðis langfámennasta ríkið sem komist hefur á lokamót í knattspyrnu. Kostaríka átti fyrra metið, en þar búa um sex sinnum fleiri en á Íslandi.

**Á Íslandi** eru líka menntuðustu knattspyrnuþjálfarar heims. Hér er einn menntaður þjálfari á hverja 800 íbúa. Í Englandi, sjálfri vöggu íþróttarinnar, er einn menntaður þjálfari á hverja ellefu þúsund íbúa.

**Svo haldið sé áfram** með samanburðinn þá er einn af hverjum 15 þúsund íbúum á Íslandi í 23 manna lokahópi landsliðsins á EM. Sambærileg tala heimfærð upp á enska landsliðið er einn leikmaður á hverja 1,7 milljónir íbúa.

**Það er því nánast** sama hvert er litið. Þátttaka Íslands ein og sér er stórkostlegt afrek sem varla ætti að vera mögulegt út frá tölfræðinni.

**Höfum þó** í huga að ekkert af þessu skiptir máli þegar út á völlinn er komið. Þar eru ellefu á móti ellefu.

**Þegar þetta** er ritað eru örfáar klukkustundir í leik Íslands og Portúgals. Vonandi tókst Kára og Ragnari og félögum að halda Ronaldo í skefjum. Það væri enn ein tölfræðilega anómalían þegar íslenska landsliðið á í hlut.

## 369,7

**MILLJARÐA AFGANGUR**

Tekjur hins opinbera voru 369,7 milljörðum meiri en gjöld á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra voru gjöld umfram tekjur 10,2 milljarðar króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Bætt afkoma skýrist af stöðugleikaframlagi frá slitabúum fjármálafyrirtækja. Tekjuafgangurinn nam 67,6 prósentum af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 60,3 prósentum af tekjum hins opinbera.

## 3.200

**MILLJARÐA KAUP**

Microsoft hefur keypt samfélagsmiðilinn LinkedIn á 26 milljarða dala, eða um 3.200 milljarða króna. Tilgangurinn er að nýta miðilinn til að auka sölu Microsoft á viðskipta- og tölvupósthugbúnaði. Vörumerki LinkedIn verður óbreytt og óháð öðrum vörum Microsoft. Satya Nadella, framkvæmdastjóri hjá Microsoft, segir að sig hafi lengi dreymt um þessi viðskipti.

**13.06.2016**



**Ég hef ekki trú á því að þeir sem gerðu þessa samninga á sínum tíma hafi verið að semja um eitthvað sem gagnast neytendum og bændum. Þvert á móti sýnist mér hafa verið gengið út frá því að þetta væri til að styrkja landbúnaðinn í landinu og styrkja vöruframboð til neytenda á sanngjörnu verði.**

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra










## Mótorhjól



**FLOTT HJÓL - 499 ÞÚS**
Yamaha R1 1000cc árg'98 mjög vel með farið og flott hjól, ný keðja, Tilboð 499þús 100% lán s.691 9374

## Bátar



Til sölu 31 feta bátur,vél yanmar 125 hö ganghraði 11 til 12 mílur,tilvalið fyrir 2 fjöldskyldur td,svefnpláss fyrir 4 til 5.Til greina kemur að taka seljanlegan bíl uppí hluta kaupverðs. Uppl. í s. 8643336 Jón

Til sölu plastbátur innan við 6m. með eða án vélar. Er á floti. S: 568 6861 - 866 3457

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF.**

**BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek af mér öll verk tengd málningarþjónustu. Uppl. í s. 851 1960 Himnamálun

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarþjónusta. Upplýsingar í síma 776-0000

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA**
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**EIKAR SÓFABORÐ**
Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

## Húsnæði óskast

Maður á áttræðisaldri sem hefur verið bindindismaður allt sitt líf óskar eftir stúdíó íbúð ekki seinna enn 1. sept á Stór Reykjavíkursvæðinu. Hef góð meðmæli eftir 9 ára leigu. Uppl. í s. 561 9120 & 867 3433 Þorbjörn.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




Vagnstykki, kerrustykki og skiptitaska Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is



**CLEANING SERVICES**

The US Embassy, Reykjavik
Seeks quotations for daily cleaning services for its premises. The work must be performed between 8:00 and 15:00, on work days. The "Request for Quotations" package is in English and on the Embassy´s homepage. The RFQ package must be returned to the Embassy before 1400 hours, Friday, July 4, 2016.

Sendiráð Bandaríkjanna, Reykjavik
Óskar eftir tilboðum í daglegar ræstingar á skrifstofuhúsnæði. Ræsting þarf að vera framkvæmd á tímanum frá 8:00 til 15:00 virka daga. Tilboðsgögnin eru á ensku á heimasíðu sendiráðsins. Tilboðum skal skilað í afgreiðslu sendiráðsins fyrir kl. 14:00 föstudegi 04. Júlí, 2010.

## til sölu

**Lóð í Kiðjabergslandi**

Höfum til sölu 1.ha. lóð á frábærum stað í landi Kiðjabergs. Örstutt í golfið og fallegt útsýni. Leyfilegt byggingarmagn 380 fm. Verð 14-15 millj.
Upplýsingar gefur Óskar Mikaelsson, löggf. S: 773-4700 og oskar@atv.is
Fyrirtækjasölu Íslands. www.atveignir.is

**STARFSMAÐUR Í PÖKKUN**

ORF LÍFTÆKNI — Made in Iceland BIOEFFECT

ORF Líftækni hf. og BIOEFFECT ehf. leita að starfsmanni í áfyllingu og pökkun. Starfið felst fyrst og fremst í áfyllingu og pökkun á húðvörum félagsins. Einnig geta komið til ýmis verkefni samkvæmt fyrirmælum yfirmanns tengd framleiðslu fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- Íslenskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Snyrtimennska
- Reykleysi




Umsóknarfrestur er til 19. júní 2016.
Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: starf@orf.is

**Nánari upplýsingar má finna á www.orf.is og www.bioeffect.is**





Hannes Þór Halldórsson, besti maður íslenska liðsins í gær, í baráttunni við Cristiano Ronaldo sem náði ekki að skora hjá honum í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sagan skrifuð í Saint-Étienne

**Íslenska karlalandsliðið spilaði sinn fyrsta leik á stórmóti í gær gegn Portúgal. Í fyrsta leiknum skoraði liðið fyrsta markið og náði í fyrsta stigið. Strákarnir okkar eru komnir aftur eftir hálfs árs runu af slæmum úrslitum.**

EM2016

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** „Ég er gríðarlega stoltur af að hafa skorað þetta mark. Ég mun minnast þess alla ævi,“ sagði kampakátur Birkir Bjarnason, leikmaður íslenska landsliðsins í fótbolta, eftir 1-1 jafntefli strákanna okkar gegn Portúgal í fyrsta leik liðsins á Evrópumótinu í fótbolta. Birkir skoraði jöfnunarmarkið í byrjun seinni hálfleiks eftir frábæra sendingu Jóhanns Berg Guðmundssonar. Þetta er fyrsta markið sem karlalandsliðið skorar á stórmóti og það verður aldrei tekið af Birki.

Strákarnir okkar stimpluðu sig inn með látum á EM í gær með því að ná þessu magnaða jafntefli gegn stórliði Portúgals. Það var nánast erfitt að fylgjast með sorgmæddum leikmönnum Portúgala ganga í gegnum viðtalssvæðið eftir leik. Þeim datt aldrei í hug að jafntefli yrðu lokaúrslitin.

Eflaust voru þeir ekki einir um það. „Ég held að það hafi bara verið Íslendingar sem höfðu trú á að við gætum gert eitthvað í þessum leik. Maður er bara virkilega stoltur af að ná þessum úrslitum,“ sagði Birkir.

Þessir sömu Íslendingar mættu 8.000 talsins á Stade Geoffroy-Guichard í gærkvöldi og gerðu kvöldið ógleymanlegt. Þeir áttu stúkuna gegn 16.000 Portúgölum. Stundin eftir leik þegar strákarnir fóru og þökkuðu fyrir stuðninginn er eitthvað sem allir 8.000 plús 23 og þjálfararnir eiga eftir að muna lengi.

**Velkomnir aftur!**

Þó Birkir hafi á endanum verið hetja íslenska liðsins og spilaði frábærlega í seinni hálfleik átti hann erfitt uppdráttar í þeim fyrri. Strákarnir voru búnir að bíða eftir leiknum í sjö mánuði eða síðan dregið var í byrjun desember á síðasta ári. Það fór ekki á milli mála að stress var í okkar mönnum þó þeir fengju eitt dauðafæri til að byrja með sem Gylfi Þór klúðraði.

Íslenska liðið náði ekki að vinna sig inn í leikinn í fyrri hálfleik og þorði varla að vera með boltann. Sumir leikmanna liðsins misstu smá trú á eigin getu og treystu hvorki fyrstu né annarri snertingu. Varnarleikurinn var misjafn og fékk Portúgal færi til að skora fleiri en þetta eina mark sem Nani setti.

Eftir hálft ár af frekar döprum vináttuleikjum var spurning margra til strákanna: Hvenær ætlið þið að ýta á „ON“-takkann? Svarið fengu allir í seinni hálfleik. Frá og með 46. mínútu í Saint-Étienne í gær sáu öll álfan af hverju þessir strákar eru komnir í lokakeppni EM í fyrsta sinn og að það var engin heppni.

Vissulega voru Portúgalar meira með boltann en varnarleikurinn var nánast óaðfinnanlegur frá fremsta manni til þess aftasta. Hannes Þór var magnaður í markinu og sópaði upp það sem til þurfti. Allir börðust fyrir hvorn annan og gerðu Portúgölunum erfitt fyrir. Samvinna er samasem vinna söng góður maður og þannig vinnur íslenska landsliðið fótboltaleiki.

Vináttuleikjunum er lokið. Þessir strákar þrífast á alvöru leikjum og þetta var einn slíkur. Skilaboðin skýr: Strákarnir eru mættir hingað til að gera hluti.

**Enginn höfðatölusigur**

„Við vorum búnir að spila marga æfingaleiki sem voru ekki nógu góðir en að spila á svona stórmóti er auðvitað allt annar hlutur. Hugarfar leikmanna er allt annað þó það sé skrítið að segja það. Við spiluðum frábærlega þó þeir pressuðu okkur vel og lengi,“ sagði markaskorarinn Birkir eftir leikinn.

Einhvern tíma hefðu svona úrslit verið kölluð höfðatölusigur eins og þegar Ísland „vann“ Frakkland 1-1 á Laugardalsvellinum fyrir sextán árum. Höfðatölusigrar hentuðu okkur þegar við vorum litlir og slakir. Við erum enn þá litlir en langt frá því að vera slakir.

Þessir strákar þurfa enga höfðatölusigra. Á síðustu 20 mánuðum er liðið búið að leggja Tyrki, Tékka og Hollendinga tvisvar á leið á stórmót og ná svo í þetta gríðarlega flotta og mikilvæga stig gegn Portúgal. Þetta var enginn höfðatölusigur. Þetta er bara stig í lok dagsins sem gerir ekkert nema strákarnir haldi áfram og vinni Ungverja.

Það besta er að þeir vita það sjálfir. Söguleg stund í Saint-Étienne að baki. Íslenska þjóðin fagnar næstu daga en strákarnir voru komnir í endurheimt strax eftir leik og byrjaðir að hugsa um Ungverja. Þannig hugsa sigurvegarar og sigurvegarar ná úrslitum.

> Ég held að það hafi bara verið Íslendingar sem höfðu trú á að við gætum gert eitthvað í þessum leik.



Birkir Bjarnason

> Kolbeinn Sigþórsson vann átján skallabolta, einum fleiri en allt lið Portúgals til samans.




## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Ádám Szalai kom Ungverjum á bragðið í sigrinum á Austurríki í gær með laglegu en mjög langþráðu marki. Ádám Szalai skoraði markið á 63. mínútu eftir laglegt þríhyrningaspil en hann hafði ekki skorað mark í átján mánuði eða síðan árið 2014. Þá erum við að tala bæði um félagslið og landslið. Mark Szalai skipti gríðarlega miklu máli fyrir Ungverja sem komu mörgum á óvart með frábærri frammistöðu og flottum sigri.



> Stoltur Íslendingur í dag. Fáránlega mikið afrek vannst í dag.

Simmi Vil
@simmivil

**EM 2016 í Frakklandi í gær**

**F-riðill**

**Austurríki - Ungverjal. 0-2**
0-1 Ádám Szalai (62.), 0-2 Zoltán Stieber (87.).

**Portúgal - Ísland 1-1**
1-0 Nani (31.), 1-1 Birkir Bjarnason (50.)

> Erfiðasti leikur sem ég hef horft á. Það voru allar tilfinningarnar undir þarna. Mergjað maður. Mergjað.

S. Mikael Jónsson
@S_Mikael_J

SÁ ELSTI Á EM FRÁ UPPHAFI
Gabor Kiraly stóð í marki Ungverja í sigrinum á Austurríki í gær. Hann hélt ekki bara marki sínu hreinu heldur setti hann líka nýtt met. Gabor Kiraly varð í gær elsti leikmaðurinn til að spila í úrslitakeppni Evrópumótsins.

Gabor Kiraly sem var 40 ára og 74 daga gamall í gær bætti með því met Þjóðverjans Lothars Matthäus frá EM 2000.

Lothar Matthäus var 39 ára og 91 dags gamall þegar hann spilaði með þýska landsliðinu á móti Portúgal 20. júní 2000.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.30 | ÍBV - Breiðablik | Sport |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |
| 18.00 | ÍBV - Breiðablik | Hásteinsv. |
| 19.15 | Fjölnir - KR | Extra völlurinn |

## EM í dag

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | Rússland - Slóvakía | B-riðill |
| 16.00 | Rúmenía - Sviss | A-riðill |
| 19.00 | Frakkland - Albanía | A-riðill |


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is



Birkir Bjarnason fagnar sögulegu marki sínu á Geoffroy-Guichard leikvanginum í Saint-Étienne í gær. Hann skoraði ekki bara fyrsta mark Íslands á EM heldur tryggði Íslandi líka fyrsta stigið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**1** Mörk
Birkir Bjarnason (50.)

**1** Mörk
Nani (31.)



**Flestar snertingar**

| | |
|---|---|
| Hannes Halldórsson | 65 |
| Kolbeinn Sigþórsson | 47 |
| Aron Einar Gunnarsson | 45 |
| Jóhann Berg Guðm. | 41 |

**Heppnaðar sendingar:**

| | |
|---|---|
| Hannes Halldórsson | 21 |
| Jóhann Berg Guðm. | 19 |
| Aron Einar Gunnarsson | 18 |
| Ragnar Sigurðsson | 16 |

**Unnin skallaeinvígi**

| | |
|---|---|
| Kolbeinn Sigþórsson | 17 |
| Jón Daði Böðvarssoin | 4 |
| Aron Einar Gunnarsson | 3 |

**Með boltann:**




Skot




Skot á mark




**Unnar tæklingar**

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Aron Einar Gunnarsson | 3 |
| Birkir Bjarnason | 2 |
| Birkir M. Sævarsson | 2 |

**Skot á markið**

| | |
|---|---|
| Gylfi Þór Sigurðsson | 2 |
| Birkir Bjarnason | 1 |
| Alfreð Finnbogason | 1 |

**Unnir boltar**

| | |
|---|---|
| Aron Einar Gunnarsson | 5 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 4 |
| Ragnar Sigurðsson | 3 |
| Kári Árnason | 2 |



**Hlupu mest:**

Jón Daði Böðvarsson
11,92 km

Gylfi Þór Sigurðsson
11,74 km

Aron Einar Gunnarsson
11,23 km

**Hlupu mest:**

Nani
11,51 km

Raphael Guerrerio
10,85 km

André Gomes
10,71 km



**Bestur í íslenska liðinu**

# 8 Hannes Þór Halldórsson

**Varin skot:** 8 | **Fyrirfgjafir teknar:** 3

Einkar öruggur í öllum sínum aðgerðum. Gat lítið gert í markinu sem Nani skoraði og hélt íslenska liðinu á floti með frábærri frammistöðu þegar það lá mest á liðinu í fyrri hálfleik. Hannes bjargaði nokkrum sinnum frábærlega þegar ekkert annað var í stöðunni en að Portúgalar myndi skora.

**Birkir Már Sævarsson 7**
Mistækur í upphafi leiks en var ekki refsað fyrir þau og gerði margt vel í seinni.

**Kári Árnason 7**
Var illa staðsettur í marki Portúgals en lét það ekki slá sig af laginu. Stóð vaktina frábærlega í síðari hálfleik.

**Ragnar Sigurðsson 8**
Var frábær, eins og svo oft áður. Ber enga virðingu fyrir andstæðingnum og lætur hann ekki komast upp með neitt.

**Ari Freyr Skúlason 7**
Lenti í vandræðum í fyrri en vann á.

**Jóhann Berg Guðmundsson 5**
Lagði upp markið og það gerði mikið fyrir hann eftir að Jóhann hafði átt fremur rólegan dag. Vinnuþjarkur, eins og allir.

**Aron Einar Gunnarsson 8**
Stundum tæpur í fyrri en var akkerið í miðjunni. Öskraði sína menn áfram.

**Gylfi Þór Sigurðsson 6**
Lét finna fyrir sér en náði ekki að stýra sókninni eins og hann þarf að gera til að við fáum ró í sóknarleikinn.

**Birkir Bjarnason 8**
Ákveðinn á vinstri kantinum, fékk eitt færi og nýtti það, sem er langt í frá sjálfsagt.

**Jón Daði Böðvarsson 8**
Stimplaði sig inn strax í byrjun þegar hann skapaði dauðafæri fyrir Gylfa. Rosalega duglegur, tók hárréttar ákvarðanir.

**Kolbeinn Sigþórsson 8**
Lét miðverði Portúgals líta illa út og tapaði varla skallaeinvígi. Sívinnandi.




# 18 KR.

## EM-AFSLÁTTUR Í DAG




### ISL 1-1 POR

Strákarnir okkar stóðu sig eins og hetjur í leiknum í gær og skoruðu dýrmætt 5 króna mark. Lykil- og korthafar ÓB og Olís fá því 18 króna EM-afslátt af eldsneytislítranum í dag.

### AFSLÁTTUR

Daginn eftir leiki karlalandsliðs Íslands í knattspyrnu á EM í Frakklandi verður 13 kr. afsláttur af eldsneytis-lítranum og 5 kr. til viðbótar fyrir hvert mark sem Ísland skorar. Gildir fyrir lykil- og korthafa hjá ÓB og Olís.

### SÆKTU UM LYKIL Á OB.IS

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu sótt um hann á ob.is eða á næstu Olís-stöð.

PIPAR\TBWA • SÍA • 162684

## Merkisatburðir

**1215 Jóhann landlausi Englandskonungur neyðist til að setja innsigli sitt á réttindaskrá landeigenda, Magna Carta.**
**1219** Valdimar sigursæli Danakonungur leggur Eistland undir sig.
**1752** Benjamin Franklin uppgötvar að elding er rafmagn.
**1829** Kambsránsmenn eru dæmdir í hæstarétti og hljóta sex þeirra hýðingu (allt að 81 högg) en einn er dæmdur í ævilanga þrælkunarvinnu.
**1926** Almannafriður á helgidögum þjóðkirkjunnar er lögfestur.
**1926** Dönsku konungshjónin leggja hornstein að byggingu Landspítala Íslands sem konur beittu sér fyrir í tilefni af kosningarétti sínum.
**1952** Byggðasafn er opnað í Glaumbæ í Skagafirði.
**1954** UEFA (Union des Associations Européennes de Football) er stofnað í Basel í Sviss.
**1981** Bjartsýnisverðlaun Brøstes eru veitt í fyrsta sinn og hlýtur þau Garðar Cortes óperusöngvari.
**1985** Á Bæ í Lóni er afhjúpaður minnisvarði um Úlfljót lögsögumann, sem tók saman fyrstu lög íslenska þjóðveldisins.
**1987** Fiskmarkaðurinn í Hafnarfirði heldur fyrsta uppboðið á ferskum fiski á Íslandi og þykir þetta merk nýjung.





✝

Okkar kæra
**Arnheiður Tryggvadóttir**
Vöglum, Eyjafjarðarsveit,
lést á heimili sínu þriðjudaginn 7. júní.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.30.

**Hrafnhildur Jóhannsdóttir**
**Helga, Ólöf, Katrín, Ingunn, Jóhann og fjölskyldur.**



✝

Elsku, hjartans móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona, amma og langamma,
**Valdís Þorlaug Guðnadóttir**
Jörundarholti 127, Akranesi,
lést í faðmi fjölskyldunnar á HVE á Akranesi, þann 10. júní síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða kross Íslands eða Slysavarnadeildina Líf á Akranesi.

**Inga Lilja Guðjónsdóttir**
**Guðný Guðjónsdóttir** **Baldur A. Sigurvinsson**
**Gísli Páll Guðjónsson** **Sara Hrund Signýjardóttir**
**Ingveldur Jónsdóttir** **Georg Þorvaldsson**
**Elísa Valdís, Sara D., Guðjón Snær, Sóley Rún, Óðinn Freyr, Hlynur Örn, Signý Þorlaug, Guðjón Máni og Úlfar Ingvi.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
**Kristbjörg Ingimundardóttir**
Grensásvegi 58,
lést á hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 9. júní síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

**Inga Long** **Ólafur Eiríksson**
**Ingimundur Vilhjálmsson** **Margrét Helga Jónsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



Lára Rúnarsdóttir söngkona segir vel mögulegt að halda tónleikaröð einungis með konum í mörg ár í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Endalaust hægt að bóka tónlistarkonur

**Félagið KÍTÓN, Konur í tónlist, telur um 250 meðlimi og hefur starfað við að leiðrétta þann kynjahalla sem viðgengst í tónlistariðnaðinum hér á landi. Félagið stendur fyrir tónleikum á Kexi hosteli í kvöld þar sem fram koma Glowie og Lily the Kid**

KÍTÓN er félag kvenna í tónlist – þvert á allar stefnur og strauma. Við erum 250 konur og erum búnar að vera starfandi síðan 2013. Tilgangur félagsins er að skapa jákvæða og skemmtilega umræðu meðal tónlistarkvenna og um tónlistarkonur, vekja máls á því að bransinn er og hefur verið mjög karllægur og berjast fyrir jafnrétti í tónlistariðnaðinum þegar kemur að áheyrn, sýnileika og umfjöllun,“ segir Lára Rúnarsdóttir, söngkona og formaður KÍTÓN, sem heldur í samstarfi við Arion banka tónleika á Kexi hosteli í kvöld þar sem fram koma þær Glowie og Lily the Kid.

Glowie ættu allir að þekkja enda hefur tónlist hennar verið spiluð mjög mikið í útvarpi hér á landi þar sem hún hefur átt hvern smellinn á fætur öðrum. Hún hefur hlotið fleiri en eina tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna, þar á meðal sem söngkona ársins og bjartasta vonin. Lily the kid er hljómsveit skipuð systkinunum Lilju K. Jónsdóttur og Snjókaldi K. Svarfdal sem áður voru í hljómsveitinni Bloodgroup. Þau systkini

> Okkur langar samt til að halda þessu áfram og til næstu ára þess vegna. Það er alltaf svo mikið í gangi og svo mikið að gerast hjá tónlistarkonum svo ég hugsa að það sé endalaust hægt að bóka tónlistarkonur.

hafa gefið út EP plötuna „Mainland EP“ auk þess sem lag þeirra Pedro gerði góða hluti árið 2014.

Félagið KÍTÓN hefur verið virkt síðan það var stofnað árið 2013 og haldið allmarga viðburði, en þetta eru aðrir tónleikarnir í þessari tónleikaröð þeirra sem er haldin í samstarfi við Arion banka.

„Við vorum t.d. með mjög stóran viðburð í Eldborg í Hörpu á hundrað ára kosningaréttarafmæli kvenna síðasta sumar sem hét Höfundur óþekktur. Þar vorum við að benda á það að þjóðvísur sem voru eignaðar „Höfundur óþekktur“ voru oft eftir konur, voru bara ekki skráð í söguna. Síðan vorum við að snúa við kynjahlutverkunum og láta karlsöngvara syngja lög eftir konur – sem gerist mjög sjaldan, það eru yfirleitt konur sem syngja lög eftir karla – af því að við erum bara að fá um 10 prósent af STEF-gjöldum sem eru höfundarréttartekjur á Íslandi, við erum að benda á að það þarf að leiðrétta þann kynjahalla.

Svo höfum við verið með alls konar minni og stærri viðburði, við höfum verið að hittast, félagskonur, og spjalla, erum mjög virkar á samfélagsmiðlum sérstaklega okkar á milli og bara hitt og þetta, málþing og ýmislegt annað.

Við erum í samstarfi við Arion banka út árið með eina tónleika í mánuði. Okkur langar samt til að halda þessu áfram og til næstu ára þess vegna. Það er alltaf svo mikið í gangi og svo mikið að gerast hjá tónlistarkonum svo ég hugsa að það sé endalaust hægt að bóka tónlistarkonur.“

Tónleikarnir hefast klukkan 20.30 á Kexi Hosteli og er aðgangseyrir 1.500 krónur. **stefanthor@frettabladid.is**



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Hrefna Hjálmarsdóttir**
frá Berufirði,
lést á Öldrunarheimili Akureyrar laugardaginn 11. júní.

Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. júní kl. 10.30.

**Bergþóra Eggertsdóttir**
**Ármann Snjólfsson**
**Bryndís Snjólfsdóttir**
**Steinunn Dagmar Snjólfsdóttir**
**Ásdís Snjólfsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Laufeyjar Pálsdóttur**
saumakonu frá Siglufirði, síðast til heimilis á Droplaugarstöðum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða.

Minning hennar lifir.

**Ólafur Z. Ólafsson** **Þórunn Halldórsdóttir**
**Gunndís Gunnarsdóttir** **Ragnar Engilbertsson**
**Ása Dagbjört Sigurbjörnsdóttir** **Georg Schaloske**
**Ásta Pálína Sigurbjörnsdóttir**
**Ágústa Guðný Sigurbjörnsdóttir** **Rögnvaldur Pálmason**
**og fjölskyldur.**




Í þættinum **Besti vinur mannsins** kynnumst við ýmsum hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og eiginleika. Fylgjumst með hundunum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir í og sjáum einnig hunda sem eru okkur manninum til gagns og gamans. Þáttastjórnandi er **Daníel Örn Hinriksson.**

**365.is** | **Sími 1817** **365**

# Halda hátíð þjóðlegra lista

**Dans, þjóðlög, þulur og rímur eru meðal atriða á Vöku, þjóðlistahátíð sem hefst í dag á Akureyri. Guðrún Ingimundardóttir, doktor í tónlistarmannfræði, er öllum hnútum kunnug.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Vaka er hátíð þjóðlegra lista, hingað koma erlendir listamenn til að miðla okkur af sínum arfi og hvetja okkur til dáða, jafnvel fólk með meistaragráður í þjóðlagatónlist sinna landa,“ segir Guðrún Ingimundardóttir, listrænn stjórnandi Vöku, fjögurra daga hátíðar sem byrjar í dag á Akureyri. Hún tekur fram að Chris Foster tónlistarmaður sé með henni í undirbúningnum. Átta tónleikar, níu námskeið í söng, hljóðfæraleik og dansi, þrjár samspilsstundir og málstofa verða á dagskrá Vöku og Guðrún segir gestum gefast tækifæri til að kynnast hefðbundinni tónlist frá Íslandi, Noregi, Samalandi, Bandaríkjunum og Bretlandi.

Guðrún er Húsvíkingur en hefur verið búsett á Siglufirði frá 2009 er hún flutti til landsins frá Bandaríkjunum, nýbakaður doktor í tónlistarmannfræði. Hún er líka söngkona og kennir tónlist á Siglufirði, auk þess að vinna ýmis verkefni sem tengjast þjóðlögum, í samvinnu við hin Norðurlöndin, Þjóðlagasetrið á Siglufirði og þjóðlagahátíðina þar. Svo er hún formaður Landssamtaka kvæðamanna sem nefnist Stemmur og hefur kennt fólki að kveða í tónlistarskólanum á Siglufirði.

„Ég hef verið með sjö nemendur og þeir eru ansi fínir kvæðamenn. Að kveða er öðruvísi raddbeiting og önnur túlkun en í söng, en ég kenni líka klassískan söng og popp.“

### Kveðskaparhefðin

Vaka er að vissu leyti hátíð kvæðamanna, að sögn Guðrúnar. Á laugardeginum verður sviðssetning á Tristansrímum Sigurðar Breiðfjörð sem fluttar verða af kvæðamönnum Gefjunar, Iðunnar og Rímu. Að vísu styttar úr 1.000 erindum í 300. „Við höfum ekki tíma til að flytja bálkinn fjögur kvöld í röð eins og gert var í gamla daga en við viljum að fólk geti heyrt rímur fluttar með gömlu lögunum. Svo syngjum við líka tvísöngva, nokkuð sem hefur verið týnt og gleymt á Íslandi,“ segir Guðrún sem sjálf er að gefa út kver með nótum að sextán tvísöngvum og disk með.

Guðrún stofnaði fyrirtækið Þjóðlist árið 2011 og segir tilgang þess að vernda þjóðlagatónlist Íslendinga og dansa. „Músíkin okkar er svolítið öðruvísi en annarra þjóða og það er nauðsynlegt að við berum virðingu fyrir henni,“ segir hún. „Við vorum nýlenduþjóð og okkar nýlenduherrar töluðu niður til íslenskra hefða, Okkar dans þótti ekki flottur og kveðskapartónlistin var kveðin niður. Það sést glöggt þegar skyggnst er í skýrslur sem prestar sendu til Danmerkur á sínum tíma. „Engin tónlist er stunduð í sveitinni en þar eru nokkrir kvæðamenn.“ „Engin hljóðfæri í sveitinni en nokkur langspil.“ – eru meðal setninga þar. Það var ekki alþýðan sem skráði söguna heldur embættismenn sem sigtuðu út hvað Dönum þótti merkilegt og hvað ekki. En við þurfum ekki að skammast okkar fyrir menningararfinn þó einhverjir hafi gert það fyrir 200 árum.“




**Guðrún fyrir utan Deigluna í Listagilinu þar sem tónleikar verða haldnir síðdegis og á kvöldin.** MYND/AUÐUNN


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

Vorhappdrætti 2016. Dregið 13. júní 2016

***1. vinningur:***
Opel Astra Enjoy 1.4l, bensín, beinskiptur
Verðmæti: 3.490.000 kr. Miði nr. 19093

***2. vinningur:***
Opel Corsa Essentia, 1.2l bensín, beinsk.
Verðmæti: 2.390.000 kr. Miði nr. 36651

***3. - 42. vinningur:***
*Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 893 | 11743 | 25053 | 41469 | 50798 |
| 3074 | 16362 | 30873 | 41830 | 53383 |
| 3760 | 16973 | 33779 | 41851 | 54028 |
| 4573 | 20278 | 34457 | 42684 | 55510 |
| 5657 | 22425 | 36033 | 43298 | 56628 |
| 10855 | 24319 | 37915 | 44076 | 56659 |
| 11177 | 24400 | 38219 | 46393 | 58480 |
| 11720 | 24980 | 39226 | 49372 | 58566 |

***43. - 82. vinningur***
*Samsung Galaxy S7 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 119.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 487 | 7542 | 23783 | 34439 | 44357 |
| 736 | 8723 | 24041 | 36075 | 45663 |
| 1736 | 9547 | 25107 | 37291 | 47959 |
| 2971 | 11278 | 29457 | 37366 | 49242 |
| 4104 | 13766 | 30002 | 37980 | 51023 |
| 4186 | 14048 | 33607 | 38348 | 56930 |
| 5639 | 18113 | 34089 | 38895 | 57580 |
| 7194 | 21846 | 34360 | 39480 | 59089 |

***83 - 112 vinningur***
*Samsung Tab, S2, WiFi, 9.7, spjaldtölva. Hver að verðmæti kr. 69.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 289 | 19156 | 29157 | 39840 | 50725 |
| 2745 | 20198 | 30961 | 40091 | 51478 |
| 5380 | 22620 | 33289 | 40221 | 53565 |
| 8430 | 23036 | 34435 | 42213 | 55395 |
| 8626 | 23786 | 38371 | 47037 | 58144 |
| 13702 | 27427 | 39649 | 49335 | 58436 |

**113. - 152. vinningur**
*Gisting fyrir tvo í tvær nætur ásamt morgunverði auk kvöldverðar annað kvöldið hjá Fosshótelum. Hver að verðmæti kr. 73.500*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 518 | 6280 | 19873 | 29297 | 41059 |
| 992 | 8287 | 20736 | 29575 | 41989 |
| 1410 | 9818 | 20823 | 30639 | 44972 |
| 1895 | 11700 | 21115 | 30873 | 45912 |
| 3940 | 12251 | 22263 | 33085 | 52414 |
| 4966 | 15311 | 24094 | 35633 | 54056 |
| 5168 | 15845 | 24725 | 36609 | 54742 |
| 5420 | 19548 | 25703 | 39331 | 59188 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17.*
*Upplýsingasími 525 0000*
*Birt án ábyrgðar*




**Tónarnir verða til með því að barið er á allt mögulegt** MYND/STOMP

# Dagblaðið öskraði eins og ljón

**TÓNLIST**

**Fjöllistasýning**
★★★★☆

**Stomp sýndi alls konar atriði þar sem hjólkoppar, tunnur, vaskar, kveikjarar, gúmmíslöngur og fleira kom við sögu.**

**Eldborg í Hörpu
laugardaginn 11. júní**

Það er langt síðan ég hef hlegið jafn mikið og á sýningu sviðslistahópsins Stomp á laugardagskvöldið.

Nokkrar manneskjur sátu við lítið borð og voru að lesa dagblöð. Von bráðar fór þruskið í blöðunum og ræskingar fólksins að mynda grípandi takt. Við þennan skemmtileg undirleik byrjaði einn mannanna að leika sér með dagblaðið sitt. Hann bjó til risastóran kjaft, sem öskraði ógurlega. Svo bjó hann til minni kjaft sem öskraði líka en ofar á tíðnisviðinu. Sífellt minnkaði kjafturinn og öskrið varð skrækara. Það var svo fyndið að fólk veltist um af hlátri.

Stomp hefur verið lengi að, þau komu fyrst fram í London árið 1991. Tónlistin þeirra er eingöngu rytmísk, það er enginn söngur í henni og fáar laglínur. Tónarnir verða til með því að barið er á allt mögulegt, tunnur, hjólkoppa, gúmmíslöngur, kústsköft.

Sýningin er að hluta til leikhús og dans, til dæmis byrjaði hún á því að maður nokkur gekk inn á sviðið og fór að sópa. Fljótlega bættust aðrir við og fóru að sópa með honum. Það myndaði kraftmikinn dans og takt, sem varð æ þéttari.

Annað atriði, mun hljóðlátara var í niðamyrkri. Hópurinn lék sér að kveikjurum og logarnir urðu að allskonar mynstri sem var fallegt á að líta.

Eitt það flottasta var þegar þau börðu eldhúsvaska hangandi á sér. Hvílíkar drunur! Svo var líka sérlega áhrifamikið þegar þau héngu á vegg sem var hlaðinn upp af tunnum og öðru járnadrasli, og börðu á það.

Þar fyrir utan hentu þau boltum á milli sín, gúmmíslöngum, innkaupakerrum og prikum; allt var notað til að búa til rytma. Þetta var ótrúlegt sjónarspil.

Ef finna má að einhverju, er það helst að sýningin nú var heldur keimlík sýningu hópsins hér í desember 2013. Báðar sýningarnar hófust á kústaatriðinu, kveikjararnir í myrkrinu voru þarna líka, sem og innkaupakerrurnar og flest annað.

Það var samt gaman að horfa á þetta aftur, því er ekki að neita. En dagblaðasenan var alveg ný, og hún var kostuleg. Sennilega var hún það skemmtilegasta þarna um kvöldið.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsileg sýning með ótrúlega vel samhæfðum atriðum.

# Kæru borgarbúar

## Kjörstaðir í Reykjavík við forsetakosningar 25. júní næstkomandi eru eftirfarandi:

### Reykjavíkurkjördæmi norður

Ráðhús Reykjavíkur
Menntaskólinn við Sund
Laugalækjarskóli
Íþróttamiðstöðin Grafarvogi, Dalhúsum
Vættaskóli Borgir
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

### Reykjavíkurkjördæmi suður

Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Íþróttamiðstöðin við Austurberg
Árbæjarskóli
Ingunnarskóli

**Kjörfundur hefst kl. 9.00 og honum lýkur kl. 22.00.**

Sérstök athygli er vakin á því að íbúar í Seljahverfi kjósa nú í Íþróttamiðstöðinni við Austurberg í stað Ölduselsskóla. Kjósendur sem áður hafa kosið í Laugardalshöll kjósa nú í Laugalækjarskóla og Menntaskólanum við Sund. Þessir kjósendur eru eindregið hvattir til að nálgast upplýsingar um sína kjördeild á http://kjorskra.skra.is. Kjörskrá liggur einnig frammi í afgreiðslu Ráðhúss Reykjavíkur.

Á kjördag verður upplýsingavakt í Ráðhúsi Reykjavíkur í s. 411 4915, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru veittar upplýsingar um kjörstaði, kjördeildir, kjörskrá og annað gagnlegt.

Aðgengi fyrir hjólastóla er tryggt á öllum kjörstöðum. Nauðsynlegt er að hafa skilríki meðferðis á kjörstað.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður hefur aðsetur í Ráðhúsinu á kjördag, s. 411 4910.
Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður hefur aðsetur í Hagaskóla á kjördag, s. 411 4920.

Á slóðinni www.reykjavik.is/kosningar má fylgjast með þróun kjörsóknar yfir daginn og nálgast ýmsar hagnýtar og áhugaverðar upplýsingar sem tengjast kosningum.

Talning atkvæða fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur fyrir Reykjavíkurkjördæmi norður og í íþróttahúsi Hagaskóla fyrir Reykjavíkurkjördæmi suður. Talning hefst kl. 22.00 og er opin almenningi meðan húsrúm leyfir.

Allar nánari upplýsingar má nálgast með því að senda fyrirspurn á netfangið kosningar@reykjavik.is.

**Skrifstofa borgarstjórnar**
**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður**
**Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Fremur hægur vindur í dag og nokkuð bjart veður, en skýjað og smáskúrir á Austurlandi. Síðdegis má einnig búast við skúrum á víð og dreif í öðrum landshlutum. Hiti frá 7 stigum austast, upp í 18 stig í innsveitum vestan- og norðanlands.

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 13° |
| ↗ 3 | → 5 | → 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 13° | 7° |
| → 3 | ↑ 4 | ↗ 6 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 9° | 13° |
| ↖ 9 | ↑ 4 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 12° | 11° |
| ↑ 3 | ↑ 4 | ↑ 8 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. svall
6. tveir eins
8. Blóðhlaup
9. stansa
11. bókstafur
12. baða
14. bragðbætir
16. tónlistar-maður
17. fýldur
18. í viðbót
20. tveir eins
21. fyrstur

**LÓÐRÉTT**
1. tísku
3. kringum
4. páfagaukur
5. bar
7. billyfta
10. for
13. háð
15. skítur
16. kóf
19. mun



**LÁRÉTT:** 2. sukk, 6. tt, 8. mar, 9. æja, 11. ká, 12. lauga, 14. krydd, 16. kk, 17. súr, 18. auk, 20. ii, 21. frum. **LÓÐRÉTT:** 1. stæl, 3. um, 4. kakadúi, 5. krá, 7. tjakkur, 10. aur, 13. gys, 15. drit, 16. kaf, 19. ku.

## Skák Gunnar Björnsson



Bragi Þorfinnsson (2.426) átti leik gegn Einari Hjalta Jenssyni (2.370) á Íslandsmótinu í skák sem fram fór í Tónlistarsskóla Seltjarnarness.

**Svartur á leik**

**36...Rxe3! 37. Dc1 (37. Bxe3 Dxh2#.) 37...Rxf1 38. Dxf1 Rxh2** og svartur innbyrti vinninginn nokkru síðar. Bragi varð í 3.-5. sæti á mótinu ásamt bróður sínum Birni og Jóni Viktori Gunnarssyni. **www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | 5 | | | | | |
| | 9 | | | | 4 | 8 | 6 | |
| | 4 | 7 | | 8 | 3 | 9 | | |
| 7 | | | | 9 | 6 | | 3 | |
| | 3 | | 1 | | 2 | | | |
| 8 | 5 | | | 4 | 7 | | 2 | |
| | | 4 | | | | | 8 | 7 |
| | | | | 7 | 1 | | 5 | |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | 9 | 5 | | |
| 7 | | | 4 | | | | | 3 |
| | 9 | | | | 1 | 4 | | 7 |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 5 | | 2 | 1 |
| | | | | | 2 | | | |
| | 1 | 4 | 8 | | | | 5 | 9 |
| | | 5 | 2 | | 4 | | | 6 |
| | 8 | | | | 6 | | 3 | 4 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | | | | 9 | |
| | | | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 2 | 4 | | | 6 |
| | | | | | 5 | 3 | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 8 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | 8 | 2 |
| | | 4 | | | | 7 | | 1 |
| | 7 | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |





**BRÆÐRABORGARSTÍGUR 30**

**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:00-17:30**

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi (byggt 2006) á frábærum stað í gamla Vesturbænum. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Stór stofa og borðstofa með útgengi á góðar svalir. Falleg innrétting í eldhúsi. Tvö góð svefnherbergi. Flísalagt baðherbergi með baðkari og innréttingu. Þvottahús innan íbúðar. **Verð: 56,9 millj.**


# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












# Langárfoss á Mýrum Borgarbyggð – með laxveiðiréttindum

Til sölu er jörðin Langárfoss á Mýrum í Borgarbyggð – með laxveiðiréttindum, tilboð óskast fyrir 15. júlí.

Jörðin er skráð 1.273 hektarar, henni fylgja laxveiðiréttindi í Langá samkvæmt skráningu 13,4% og 36% hlutur í Urriðaá og fær hún tekjur af leigu veiðiréttinda í samræmi við það. Jörðin er aðili að veiðifélaginu Langá. Leigutekjur af veiðirétti fyrir árið 2015 voru ca. kr. 7,3 millj., fyrir báðar árnar.
Jörðin liggur milli Langár og Urriðaár frá ósum Langár uppað landi Háhóls fyrir ofan þjóðveginn.
Húsakostur á jörðinni er hús á tveimur hæðum sem er endurbyggt í hefðbundnum íslenskum 19 aldar stíl og klætt að utan með tjargaðri furu. Húsið er skráð á matsstig 5 þ.e. tilbúið til innréttinga. Gert er ráð fyrir 4–5 stórum herbergjum, eldhúsi, setustofu, 3 baðherbergjum og fl. Glæsilegt útsýni er úr húsinu. Geymslur og inntakshús og miklir steyptir veggir við innang hússins.

Frestur til að skila inn tilboðum í eignina er til 15. júlí, 2016 og gildistími tilboða skal vera til kl. 16.00 þann 22. júlí, 2016.

Upplýsingar á skrifstofum söluaðila.

**EIGNAMIÐLUN**

588 90 90 / eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson
Lögg. fasteignasali
GSM: 824 9093
kjartan@eignamidlun.is



Þórarinn M. Friðgeirsson
Lögg. fasteignasali
GSM: 899 1882
thorarinn@ eignamidlun.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG**

569 7000 / miklaborg.is



Ólafur Finnbogason
Lögg. fasteignasali
S: 822-2307
olafur@miklaborg.is



Jón Rafn Valdimarsson
Lögg. fasteignasali
S: 695-5520
jon@miklaborg.is

SAMBÍÓIN SAMbio.is

Þorir þú?
CINEMABLEND DENOFGEEK.COM
THE CONJURING 2

SAVING THE WORLD TAKES A BIG JOHNSON
CENTRAL INTELLIGENCE

Ein skemmtilegasta mynd sumarsins
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES OUT OF THE SHADOWS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 6 - 8 - 9 - 10:20 - 10:45 |
| THE CONJURING 2 VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:20 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 4 - 6:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 9 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 8 - 10:30 |
| THE CONJURING 2 | KL. 10 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 10 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:20 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |

JOHNNY DEPP ANNE HATHAWAY SACHA BARON COHEN
ALICE THROUGH THE LOOKING GLASS
Framhald af einni vinsælustu ævintýramynd allra tíma

MOTHER'S DAY
Frábær rómantísk gamanmynd frá leikstjóra Pretty Woman og Valentine´s Day

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

CENTRAL INTELLIGENCE
RUSSELL CROWE RYAN GOSLING the nice guys
TIMEOUT EMPIRE BÍÓVEFURINN
Ópera í beinni WERTHER 26. júní í Háskólabíói FORSALA HAFIN
DISNEY PIXAR LEITIN AÐ DÓRU FRUMSÝND 16. JÚNÍ
FLORENCE FOSTER JENKINS
NINJA TURTLES
WARCRAFT
Jökullinn logar
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
CENTRAL INTELLIGENCE
WARCRAFT
the nice guys
FLORENCE FOSTER JENKINS
ANGRY BIRDS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| CENTRAL INTELLIGENCE | 7:30, 10 |
| THE NICE GUYS | 10:30 |
| WARCRAFT | 5:30, 8, 10:30 |
| FLORENCE FOSTER JENKINS | 5, 8 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:30 |

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**15. JÚNÍ 2016**

## Fyrirlestrar og erindi

**Hvað?** Fyrirlestur dr. Jane Goodall
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Háskólabíó
Dr. Jane Goodall, ein merkasta vísindakona okkar tíma á sviði umhverfisfræða, hefur helgað líf sitt náttúru- og dýravernd. Hún er þekktust fyrir rannsóknir sínar á lífi og samfélagi simpansa. Stofnun hennar, The Jane Goodall Institute, veitir innblástur og hvatningu til virkrar þátttöku í vernd og velferð dýra og jarðarinnar allrar. Dr. Jane Goodall er friðarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna og einstakur fyrirlesari sem hefur heillað þúsundir áheyrenda um allan heim. Hún leggur áherslu á að tala við ungt fólk og hefur m.a. stofnað samtökin, Roots & Shoots, sem ná til þúsunda ungmenna í meira en 100 löndum. Frú Vigdís Finnbogadóttir býður dr. Jane Goodall velkomna í upphafi fundar. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Hefur okkur borið af leið?
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Grand hótel.
Í dag fer fram málþing Geðhjálpar í samstarfi við Geðlæknafélag Íslands, Fagdeild geðhjúkrunarfræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Iðjuþjálfafélag Íslands og Sálfræðingafélag Íslands um greiningar, geðlyfjanotkun og sjúkdómsvæðingu. Heiðursgestur málþingsins er Allen Frances, geðlæknir, fyrirlesari og höfundur bókarinnar Saving Normal. Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst með nafni þátttakanda og nafni og kennitölu greiðanda á verkefnisstjori@gedhjalp.is. Aðgangseyrir 2.000 krónur en ókeypis er fyrir félaga í Geðhjálp.

**Hvað?** Fræðsluganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Í steinhæðum Grasagarðsins vaxa háfjallaplöntur frá öllum heimshornum. Í göngunni verða steinhæðarplönturnar skoðaðar auk þess sem farið verður yfir skipulag og uppbyggingu steinhæða. Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur leiðir gönguna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins við Laugatungu. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Glowie og Lily the Kid
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28.
Aðrir tónleikarnir í tónleikaröð KÍTÓN+KEX í samstarfi við Arion banka verða haldnir á Kexi Hosteli í sal Gym&Tonic í kvöld. Að þessu sinni munu Glowie og Lily the Kid láta til sín taka. Aðgangseyrir eru 1.500 krónur og er eingöngu selt við innganginn.

**Hvað?** Vaka þjóðlistahátíð – Erfðir til framtíðar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Deiglan í Listagilinu Akureyri.
Hátíðin, Vaka, þjóðlistahátíð, stendur yfir dagana 15. til 18. júní á Akureyri. Hátíðin snýst í grunninn um að gefa fólki tækifæri til að kynnast hefðbundinni íslenskri tónlist og handíðum, en auk þess verður boðið upp á tónlist frá Skotlandi, Noregi, Danmörku, Lapplandi, Englandi og Írlandi. Yfir helgina verður boðið upp á sex tónleika, níu námskeið, þrjár samspilsstundir og málstofu. Allar frekari upplýsingar á thjodlist.is.



Vigdís Finnbogadóttir býður dr. Jane Goodall velkomna í upphafi fundar í Háskólabíói í dag.



Glowie verður á Kexi hosteli í kvöld ásamt Lily the Kid.

**Hvað?** Alexander Aron trúbador
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar
Alexander Aron hristir hvern slagarann fram úr erminni á American bar. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Ormagöng: Godchilla, Skelkur í bringu og Dulvitund
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustinni.
Godchilla, Skelkur í Bringu og Dulvitund skemmta gestum í kvöld með tónleikahaldi. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

**Hvað?** Sonur sæll
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dúfnahólum 10, Hafnarstræti 18.
Sonur sæll þeytir skífum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Kúbik kvintett og Byzantine Silhouette
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Harpa.
Jazzklúbburinn Múlinn og Heimstónlistarklúbburinn opna sumardagskrána sem hefst í dag með pompi og prakt er hljómsveitirnar Kúbik kvintett og Byzantine Silhouette leika sitt settið hvor í Björtuloftum. Aðgangur er 2.000 krónur, 1.000 krónur fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara.

## Önnur afþreying

**Hvað?** Gourasana Meditation Practice: Hugleiðsla okkar tíma
**Hvenær?** 19.20
**Hvar?** Frakkastígur 16, 101 Reykjavík.
Kraftmikil og djúp hugleiðsla sem stendur til boða alla miðvikudaga. Tristab Gribbin og Stefán Árni sjá um að leiða stundina. Stendur hugleiðslan yfir frá klukkan 19.20 til 22.00. Aðgangseyrir er 2.000 krónur, en fyrsti tíminn er frír. 50% afsláttur er fyrir námsmenn, einstæða foreldra og atvinnulausa. Gott er að hafa með vatnsflösku.

**Hvað?** Árdegismessa
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í dag er Árdegismessa í boði fyrir áhugasama. Messan er góð leið til að byrja daginn, en prestar og messuþjónar þjóna. Að auki verður boðið í morgunmat og kaffi eftir messu. Allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Foreldramorgnar
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Á hverjum miðvikudagsmorgni er boðið upp á foreldramorgna í kórkjallaranum í kirkjunni. Standa þeir yfir frá klukkan 10.00 til 12.00. Inga Harðardóttir æskulýðsfulltrúi og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir taka vel á móti gestum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## Námskeið

**Hvað?** Kate Magic – Hráfæði fyrir lengra komna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Nesvík, Kjósinni.
Kate Magic heldur námskeiðið Hráfæði fyrir lengra komna sem hefst í dag og stendur til 19. júní. Allir þeir sem taka námskeiðið fá vottorð frá Kate og Raw Living. Frekari upplýsingar má nálgast á glo.is.

17
2017

# VIÐ BJÓÐUM Morgunverð

## ÓDÝRARI BIFREIÐASKOÐUN

MORGUNVERÐ GILDA Á VÖLDUM STÖÐUM ÚT JÚNÍ 2016




kl. 8-11
Morgunverð
KR. 7.710
GILDIR FYRIR FÓLKSBÍLA Í EINKAEIGN

FRUMHERJI BÝÐUR „MORGUNVERÐ“
Á MILLI KLUKKAN 8-11 VIRKA MORGNA.
AÐALSKOÐUN FYRIR KR. 7.710.
GÆÐA KAFFI OG FRÍTT
WI-FI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

**ATH. MORGUNVERÐ GILDA Á EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐVUM FRUMHERJA ÚT JÚNÍ 2016**

**REYKJAVÍK**
Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.
Grafarvogur, Gylfaflöt 19, 112 Rvk.

**KÓPAVOGUR**
Dalvegi 22, 200 Kópavogur

**HAFNARFJÖRÐUR**
Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

**GARÐABÆR**
Litlatúni 1, 210 Garðabær

**REYKJANESBÆR**
Njarðarbraut 7, 260 Reykjanesbær

**SELFOSS**
Hrísmýri 9, 800 Selfossi

**AKUREYRI**
Frostagötu 3a. 603 Akureyri




Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*




**20:45**
**BESTI VINUR MANNSINS**
Önnur þáttaserían þar sem við höldum áfram að kynnast þeim hundategundum sem til eru á landinu, heyrum um uppruna þeirra og fylgjumst með hundum í þeim aðstæðum sem þeir eru ræktaðir til.
Þáttastjórnandi er Daníel Örn Hinriksson.

MEIRIHÁTTAR
MIÐVIKUDAGAR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**20:20**
**MIKE AND MOLLY**
Frábærir gamanþættir um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.


**21:15**
**MISTRESSES**
Fjórða þáttaserían af þessum stórskemmmtilegu bandarísku þáttum um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við hitt k ynið.


**22:00**
**BONES**
Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknusti morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.


**22:00**
**BIRDMAN**
Frábær og margverðlaunuð Óskarsverðlaunamynd frá 2014 með þeim Michael Keaton og Emmu Stone í aðahlutverkum.


**3 | 20:25**
**ÓUPPLÝST LÖGREGLUMÁL**
Vandaðir íslenskir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur þar sem hún beinir sjónum sínum að óupplýstum glæpum á Íslandi.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.10 Mindy Project**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Logi í beinni**
**11.10 Anger Management**
**11.40 Enlightened**
**12.10 Catastrophe**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Feðgar á ferð**
**13.25 Manstu**
**14.10 Mayday. Disasters**
**15.00 Glee**
**15.45 Baby Daddy**
**16.10 Teen Titans Go**
**16.30 Tommi og Jenni**
**16.55 Simpson-fjölskyldan**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Friends**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.10 Víkingalottó**
**19.15 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**19.55 The Middle**
**20.15 Mike & Molly** Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.
**20.40 Besti vinur mannsins**
**21.05 Mistresses**
**21.50 Bones 11** Ellefta syrpan af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**22.35 You're The Worst**
**23.00 Real Time with Bill Maher**
**00.00 Person of Interest**
**00.45 Containment** Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanda í Bandaríkjunum er sett í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast inni í herkvínni en þá kemur hið sanna andlit fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**01.30 Lucifer**
**02.15 X-Men Origins. Wolverine**
**04.00 Rita**
**04.40 Rita**
**05.20 Louie**
**05.45 The Middle**
**06.05 Mike & Molly**

## SPORT

**07.00 Sumarmessan**
**08.00 Copa America**
**09.40 Copa America**
**11.20 Sumarmessan**
**12.20 Meistaradeild Evrópu**
**13.10 Copa America**
**14.50 Copa America**
**16.30 Sumarmessan**
**17.30 Pepsi deildin**
**20.05 NBA**
**22.00 Sumarmessan**
**22.50 UFC Now 2016**
**23.35 UFC Live Events**

## STÖÐ 3

**17.50 Raising Hope**
**18.15 The Big Bang Theory**
**18.35 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 Næturvaktin**
**20.25 Óupplýst lögreglumál**
**20.55 The Listener**
**21.40 I.Zombie**
**22.25 American Horror Story. Hot**
**23.10 Legit**
**23.35 Fóstbræður**
**00.05 Entourage**
**00.35 Næturvaktin**
**01.00 Óupplýst lögreglumál**
**01.25 The Listener**
**02.10 I.Zombie**
**02.50 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 UKI**
**08.00 Ljóti andarunginn og ég**
**08.25 Latibær**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Brunabílarnir**
**09.25 Strumparnir**
**09.47 Mæja býfluga**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Víkingurinn Viggó**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 UKI**
**12.00 Ljóti andarunginn og ég**
**12.25 Latibær**
**12.48 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Brunabílarnir**
**13.25 Strumparnir**
**13.47 Mæja býfluga**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Víkingurinn Viggó**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 UKI**
**16.00 Ljóti andarunginn og ég**
**16.25 Latibær**
**16.48 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Brunabílarnir**
**17.25 Strumparnir**
**17.47 Mæja býfluga**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Víkingurinn Viggó**
**19.00 Hákarlabeita 2**



**07.24**
**11.24**
**15.24**
**Svampur Sveinsson**

## GOLFSTÖÐIN

**08.30 KPMG Women's PGA Championship**
**12.30 Golfing World**
**13.20 FedEx St. Jude Classic**
**18.20 Golfing World**
**19.10 US Open**
**23.15 Champions Tour Highlights**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.10 Skeleton Twins**
**13.40 Grand Seduction**
**15.30 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**17.05 Skeleton Twins**
**18.35 Grand Seduction** Gamanmynd frá 2014 sem fjallar um íbúa í smábænum Tickle Cove á Nýfundnalandi sem róa lífróður til að bjarga bænum sínum frá fjárhagslegu hruni. Það mun bjarga bænum að fá verksmiðju til að setja upp starfsemi en til þess að það gerist þarf að vera búsettur læknir á svæðinu. Bæjarbúar taka því höndum saman og ráða lækni í tímabundna stöðu en leggja allt í sölurnar til að fá hann til að setjast að í bænum til frambúðar.
**20.25 Tenacious D. in The Pick of Destiny**
**22.00 Birdman**
**00.00 Hercules**
**01.40 Trespass**
**03.10 Birdman**

## RÚV

**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Gló magnaða**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Baráttan um Bessastaði: Viðtal við frambjóðendur**
**20.05 Í garðinum með Gurrý**
**20.40 Bókaspjall: Jonas Gardell**
**21.15 Neyðarvaktin**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kynningar frambjóðenda - Forsetakosningar 2016**
**22.25 Á tindinn**
**00.05 Hernám**
**00.50 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Survivor**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**11.25 EM 2016 á 30 mínútum**
**12.00 EM 2016 dagurinn. Rússland - Slóvakía**
**12.50 Rússland - Slóvakía**
**15.00 Black-ish**
**15.25 Life In Pieces**
**15.50 Grandfathered**
**16.15 The Grinder**
**16.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.20 The Late Late Show with James Corden**
**18.00 EM 2016 svítan. Frakkland -Albania**
**18.50 Everybody Loves Raymond**
**19.15 King of Queens**
**19.40 How I Met Your Mother**
**20.00 Survivor**
**21.15 EM 2016 á 30 mínútum**
**21.50 Satisfaction**
**22.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.15 The Late Late Show with James Corden**
**23.55 Billions**
**00.40 Wicked City**
**01.25 The Catch**
**02.10 Satisfaction**
**02.55 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**03.35 The Late Late Show with James Corden**
**04.15 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KS

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

1.298 kr. kg
**KS Lambalæri**
Frosið

1.398 kr. kg
**KS Lambalæri**
Án mjaðmabeins, frosið

898 kr. kg
**KS Lambabógur**
Frosinn

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS

1.498 kr. kg
**KS Lambalærissneiðar**
Frosnar

LUNDAPARTUR

1.998 kr. kg
**KS Lambahryggur**
Frosinn, hálfur (lundapartur)

300kr Verðlækkun

1.495 kr. kg
**OS Samlokuostur**
Í sneiðum - Verð áður 1795 kr.

159 kr. 4 stk.
**Bónus Hamborgarabrauð**
Með eða án sesamfræja

159 kr. pk.
**Bónus Pylsubrauð**
260 g, 5 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

Meira magn Sama verð

1kg

385 kr. 1 kg
**Myllu Heimilisbrauð**
1 kg

0,5L

98 kr. 500 ml
**Egils Appelsín**
500 ml

0,5L

98 kr. 500 ml
**Pepsi,** 500 ml
**Pepsi Max,** 500 ml

Aðeins 38 kr/stk.

1.198 kr. ks
**Prince Polo**
32 stk. í kassa

95 kr. 200 g
**ES Steiktur Laukur**
200 g

1,35kg

359 kr. stk.
**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með **19. júní** eða meðan birgðir endast




**Brynhildur** sem Njáll í verkinu Njála.

**Búningur fyrir verkið Villiöndina og Fjandmenn fólksins.**

# Ég geri allt nema tónlist



**Sunneva Ása Weisshappel myndlistakona hlaut grímuverðlaun fyrir búningahönnun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Sunneva Ása Weisshappel** myndlistarkona hlaut Grímuverðlaun fyrr í vikunni fyrir frumraun sína í búningahönnun fyrir leikverkið Njálu. Sunneva vinnur nú í samstarfi við Þorleif Örn Arnarsson leikstjóra en það er óhætt að segja að nóg sé fram undan hjá þeim, bæði hér heima og erlendis, og mörg afar spennandi verkefni bíða.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is

Ég útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands vorið 2013 og sá það strax að mig vantaði vinnustofu, það var þá sem ég stofnaði Algera Studio, vinnustofu fyrir listamenn, residensíu og sýningarrými. Með Algera hef ég staðið fyrir mörgum viðburðum og sýningum bæði hér heima og erlendis, meðal annars á Sequences Art Festival, Menningarnótt, Hávaða, Lunga og List án landamæra,“ segir Sunneva Ása Weisshappel myndlistarkona en hún hlaut Grímuverðlaun fyrr í þessari viku fyrir búningahönnun fyrir leikverkið Njálu í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar.

En hvernig kom það til að myndlistarkona var fengin til þess að hanna búninga í leikhúsi?

„Þorleifur Örn hringdi bara í mig. Hann spurði hvort ég hefði áhuga á að gera búninga fyrir Njálu, við ákváðum að hittast á fundi á Keflavíkurflugvelli þar sem ég var að fara til Lettlands að vinna og hann á leiðinni til Þýskalands. Eftir fundinn réð hann mig á staðnum. Fyrsta mánuðinn var ég að setja upp sýningu í Marseille svo við tókum Skype-fundi í hverju hádegi. Það sem var svo frábært við Njálu var að allir fengu að koma með hugmyndir, við vorum öll að vinna saman og það var algjört traust og frelsi í sköpuninni,“ segir hún.

Það er óhætt að segja að Sunneva Ása hafi heldur betur stokkið í djúpu laugina, en Njála er frumraun hennar í búningahönnun í leikhúsi. Nú bjóðast henni mörg verkefni hér heima og erlendis.

„Það er frábært að vinna með Þorleifi, hann gefur mér mikið traust til þess að skapa. Næstu tvö árin mun ég vinna með honum. Við erum að frumsýna í Oslo National Theatre 8. ágúst verkið Villiöndina og Fjandmenn fólksins, í leikgerð Mikaels Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar. Í beinu framhaldi munum við Þorleifur setja upp Othello í Dresden í Þýskalandi, þar næst er það uppsetning á Hamlet í Hannover og Óperan Siegfried eftir Wagner í Karlsuhe,“ segir Sunneva Ása. Hún kemur til með að vinna bæði sem búningahönnuður og kóreógrafer, en hún stundaði dansnám frá þriggja ára aldri.

„Ég hef mikið pælt í því hvaðan listsköpun kemur, en mér finnst hún öll koma frá nákvæmlega sama kjarnanum, sama hvort þú ert að koma fram, leika eða búa til búninga. Ég sæki bara einhverja tilfinningu í magann, ég get ekki þrýst einhverju fram og ég get ekki búið það til, ég þarf að bíða eftir að það komi til mín. Mér finnst það ekki skipta máli í hvaða formi listin birtist, þetta er allt sami hluturinn,“ segir Sunneva Ása og bætir við að það eina sem hún hefur ekki lagt fyrir sig hvað varðar listsköpun er tónlist.

# Óvissutónleikar í helli á Suðurlandi

Þann 1. júlí kemur síberíska tónlistarkonan **Nina Kraviz** til landsins og heldur heljarinnar veislu í helli á vegum plötufyrirtækis síns. Nákvæmri staðsetningu veislunnar er haldið leyndri og því verður þetta algjör óvissuferð.

Nina Kraviz er að endurtaka leikinn frá því í fyrra þegar hún hélt partí í helli við Kleifarvatn – það var í raun og veru hugsað sem fyrirpartí fyrir dansiball sem hún hélt á Paloma síðar sama kvöld, en það fór svo að hellapartíið varð miklu vinsælla og umtalaðra. Það hefur verið töluverð pressa á henni að halda annað svona partí og hún gaf það í skyn í fyrra að hún myndi endurtaka leikinn og það er það sem er í gangi núna. Þau ákváðu að finna nýjan stað þannig að það var fundinn nýr hellir og þetta verður svona „mystery,“ segir Árni E. Guðmundsson, einn aðstandenda þessara dularfullu veisluhalda.

Nina Kraviz er nokkuð þekkt í heimi elektrónískrar tónlistar bæði sem lagahöfundur og plötusnúður. Hún stofnaði трип árið 2014 en það var kosið plötufyrirtæki ársins árið 2015 af tímaritinu Mixmag.

„Hún ætlar að koma með flott „crew“ af listamönnum sem kemur fram þarna og hún vill hvorki gefa upp staðsetningu né þá listamenn sem koma fram þarna. Það er í raun og veru gert til að halda í leyndina og setja smá fútt í þetta.

Miðasalan var að byrja í íslenskum krónum í gær. Hún er búin að vera í gangi á erlendri vefsíðu í nokkurn tíma og það ætla tugir erlendra gesta að fljúga til Íslands til að fara í þetta partí og eru búnir að setja sig í samband við okkur.“

**HÚN ÆTLAR AÐ KOMA MEÐ FLOTT „CREW“ AF LISTAMÖNNUM SEM KOMA FRAM ÞARNA OG HÚN VILL HVORKI GEFA UPP STAÐ EÐA ÞÁ LISTAMENN SEM KOMA FRAM ÞARNA. ÞAÐ ER Í RAUN OG VERU GERT TIL AÐ HALDA Í LEYNDINA OG SETJA SMÁ FÚTT Í ÞETTA.**

Miðasalan er í fullum gangi og fer hún fram í Lucky Records á Rauðarárstíg og á tix.is. Athugið að aðeins eru um 300 miðar í boði.

stefanthor@frettabladid.is




**Árni E. Guðmundsson** er einn aðstandenda þessa leyndardómsfulla helladansiballs.



**Nina Kraviz** að gera það sem hún gerir best; trylla lýðinn. MYND/CARIN ABDULLA

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is


NÝ OG ENDURBÆTT ÚTGÁFA!
Hafsjór af fróðleik um land og þjóð
FERÐAHANDBÓK ÍSLENDINGA Í MEIRA EN 40 ÁR!
VEGA HANDBÓKIN
BÓK OG APP
ÍTARLEGUR HÁLENDISKAFLI
ICELAND ROAD GUIDE
VEGA HANDBÓKIN
ÍSLAND AUTO ATLAS
112
FERÐAMÁLASTOFA
• Vegakort
• Þéttbýliskort
• Ítarlegur hálendiskafli
• 24 síðna kortabók
• Vegahandbókar App
• Þjóðsögur
• Heitar laugar
Stöðug uppfærsla í meira en 40 ár
SKARÐSSTRÖND
594 Staðarhólsvegur, 3,34 km.
FULLT VERÐ
5.490 KR
1.500 kr. afláttur ef þú kemur með gömlu bókina
Einungis hægt að skipta í bókabúðum
(ekki á bensínstöðvum)
Farið með svarið í ferðalagið
Vegahandbókin • Sundaborg 9 • Sími 562 2600









Jennifer kann vel við sig sem Vesturbæingur. Hún nýtir þó hvert tækifæri til að ferðast um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Úr Vesturbænum til Parísar í sturtu með Lewis Hamilton

**Jennifer Berg** ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Í byrjun árs þefaði L'Oréal hana uppi á Instagram. Áður en hún vissi af var hún stödd í París, umkringd þungavigtarkanónum í bransanum.

Hann var rosalega almennilegur. Ég hef heyrt mikið um að þetta fræga fólk geti verið merkilegt með sig og leiðinlegt, en hann var það svo sannarlega ekki,“ segir sænski Vesturbæingurinn Jennifer Berg og talar þar um ökuþórinn og þrefalda Formúlu 1 heimsmeistarann Lewis Hamilton. Jennifer lék nýverið á móti kappanum í eldheitri sjónvarpsauglýsingu fyrir L'Oréal, þar sem hún sést fara í sturtu með kauða.

Inntak auglýsingarinnar er sumsé sturtusápa og rakakrem fyrir karla, en Hamilton er eitt andlita vörumerkisins. Auk Hamiltons og Jennifer var svo flaggskip L'Oréal, ofurfyrirsætan Bianca Balti, sem meðal annars hefur unnið fyrir Roberto Cavalli, Donnu Karan, Christian Dior og D&G.

„Þetta er fyrsta stóra fyrirsætuverkefnið sem ég hef fengið,“ útskýrir Jennifer og er auðheyrilega í skýjunum með frumraunina og skyldi ekki nokkurn mann undra. „Þetta byrjaði eiginlega allt á Instagram-síðunni minni, en þar sá útsendari L'Oréal myndir af mér og hafði samband,“ útskýrir hún, en Jennifer heldur úti býsna veglegri Instagram-síðu þar sem hún hefur verið iðin við að setja inn afar fallegar myndir.

„Ég vissi svo í rauninni ekkert út í hvað ég var að fara þegar við fórum út til Parísar. Ég vissi bara að kannski yrði þetta sjónvarpsauglýsing. Svo mætti ég á svæðið og þá var þetta bara risastórt dæmi,“ segir hún og hlær.



Jennifer Berg ásamt Hamilton í auglýsingunni.

**ÉG VISSI BARA AÐ KANNSKI YRÐI ÞETTA SJÓNVARPSAUGLÝSING. SVO MÆTTI ÉG Á SVÆÐIÐ OG ÞÁ VAR ÞETTA BARA RISASTÓRT DÆMI.**

Jennifer var í framhaldinu boðið til Cannes meðan á hinni árlegu og nafntoguðu kvikmyndahátíð stóð. „Þau buðu mér að koma út, en L'Oréal er einn stærsti bakhjarl hátíðarinnar. Það var verulega skemmtileg upplifun. Ég átti allt eins von á að þau þekktu mig ekkert aftur, en svo um leið og Hamilton sá mig kom hann yfir og spjallaði heilmikið og hrósaði mér fyrir auglýsinguna,“ segir hún, nokkuð vongóð um frekara framhald á samstarfi.

Jennifer er eins og áður segir búsett í Vesturbænum í Reykjavík ásamt knattspyrnukappanum Skúla Jóni Friðgeirssyni sem spilar með KR. „Það er vissulega erfitt að vera frá vinum og fjölskyldu. En ég hef verið dugleg að ferðast síðan ég flutti hingað og það hefur hjálpað mér heilmikið. Ég er ekki vön að vera svona föst á einni eyju,“ bendir hún á og skellir upp úr.

Hún segist þó hafa aðlagast íslensku samfélagi nokkuð vel, hér sé fólk almennilegt og svona. Nýverið bættist hún svo í hóp bloggara á trendnet.is og nýtur þess að blogga um lífið og tilveruna þar. „Ég var með matarblogg úti þar sem ég setti inn myndir og uppskriftir. Umboðsmanninum mínum fannst upplagt að reyna að samtvinna þann áhuga og mitt persónulega líf í blogginu, svo aðkoma mín að Trendnet er mjög skemmtileg,“ segir hún alsæl að lokum. **gudrun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-blaðinu

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

## Gerðu allt fínt fyrir 17. júní

SÚPER VERÐ

Stjúpur 10 stk. í bakka.

**799 kr**

~~1.790~~ kr

blómaval

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

Lavatera.

**1.990 kr**

~~2.690~~ kr

Sýpris hæð ca. 100 cm.

**999 kr**

~~2.490~~ kr

**20% afsláttur**
af frostþolnum útipottum

Mest selda pallaolían í Húsasmiðjunni

JOTUN

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**1.995 kr** 3 ltr

~~2.385~~ kr

IKRA mogatec

FRÁBÆRT VERÐ

**4.995 kr**

**Rafmagnsorf IGT350**
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616

**32% afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**9.900 kr**

~~14.590~~ kr

**Garðstóll Chamonix**
3899590

**21% afsláttur**

Nilfisk

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**12.995 kr**

~~16.595~~ kr

**Háþrýstidæla C105.6-5**
105 bör, 440 l/klst., sjáfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga.
5254249

JOTUN

**Jotun Akryl Mur, útimálning á stein og múr**
Silkimött alkalíþolin 100% akrýlmálning, gljástig 7.
7049503-12

**23% afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**6.999 kr** 3 ltr

~~8.999~~ kr

Byggjum á betra verði

www.husa.is

# SAMFERÐA FRÁ UPPHAFI




*Níundi áratugurinn. Íslenskir landsliðsmenn og flugáhöfn Icelandair mætast á flughlaðinu á Keflavíkurflugvelli í september árið 1985, árið sem undankeppnin fyrir HM í Mexíkó fór fram. Á flughlaðinu eru vélar af gerðinni Boeing 727 og Douglas DC-8, en Í fjarska má sjá Douglas DC-8 taka á loft.*

Þegar flautað var til leiks gegn Portúgal á EM í Frakklandi var langur vegur að baki. Leiðir okkar og íslenska landsliðsins í knattspyrnu lágu fyrst saman fyrir tæpum 70 árum. Það var í áætlunarflugi til Prestwick í Skotlandi í september árið 1946 þegar íslenska landsliðið keppti í fyrsta skipti á erlendri grundu.

Icelandair hefur verið traustur bakhjarl íslenska landsliðsins í knattspyrnu síðan þá og veitt liðinu og dyggum aðdáendum þess stuðning þegar vel hefur gengið eða á móti blásið.

Við sendum landsliðinu kveðjur og óskir um velgengni á EM í Frakklandi.

**Við erum öll í sama liði. Áfram Ísland!**




+ icelandair.is/em2016

Vertu með okkur

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 76764 06/16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Bjarna Karlssonar


## Hversu gott?

Mánudagur 13.6. kl. 12.55. Eldri maður ávarpar jafnaldra sinn í búningsklefa sundlaugar Akureyrar: Jæja, nú telur maður klukkutímana. Hvernig heldur þú að þetta fari hjá strákunum? Kl. 13.33. Unglingahópur sólar sig í vaðlauginni. Rödd heyrist: Hvenær hefur maður beðið eftir því að helgin líði og komi þriðjudagur!?

Ég sit nýbaðaður á amtsbókasafninu kl. 15.45 og skrifa þessi orð. Þegar þau birtast á prenti verður leikurinn við Portúgali yfirstaðinn og öllum ljóst hvernig fór. Ég veit um Eið og Gylfa. Þekki ekki fleiri nöfn í landsliðinu. Færi aldrei til Frakklands að horfa.

En mér er ekki sama um framgang okkar manna á EM og er þakklátur þessum tæplega 30 þúsund Íslendingum sem mættir eru einbeittir í bláum treyjum. Þau eru þarna líka fyrir mína hönd.

EM er miklu meira en knattspyrna. Við setjum forsetakosningar á bið og tökumst í hendur sem þjóð til að spegla okkur í augum heimsins og skynja að hvernig sem allt fer þá erum við saman í þessu.

Enda þótt veruleiki karlafótboltans í heiminum sé líkt og hausinn á Donald Trump fullur af bullugangi, fégræðgi og hómófóbíu þá sameinar viðburðurinn ólíka kynþætti og menningarheima og hatrið á lífinu sem þjakað hefur frönsku þjóðina og síðast sýndi á sér smettið í Orlando nær ekki að hræða okkur frá þátttöku.

Það eru ekki bara þjóðir sem spegla sig í augum heimsins. Á EM blasir sjálft manneðlið við okkur í fegurð sinni og fautaskap, tign sinni og lágkúru. Knattspyrnunni hefur tekist að tækla kynþáttafordómana betur en sjálfum Sameinuðu þjóðunum.

Hugsið ykkur þegar yfirgangsinum og hommahræðslunni verður líka vísað af velli. Hversu gott verður þá?


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is



